

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1969

REYKJAVÍK 1970

Ísafoldarprentsmiðja hf.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Skýrsla bankastjórnar	5
1. Þjóðarframleiðsla og þróun efnahagsmála	5
2. Greiðslujöfnuður	10
3. Þróun peningamála	15
4. Alþjóðleg efnahagssamvinna	24
5. Framkvæmdasjóður og fjárfestingarmál	26
6. Reikningshreyfingar Seðlabankans	32
7. Stjórn bankans o. fl.	34
Reikningar 1969	37
Tölur	49

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

1. Þjóðarframleiðsla og þróun efnahagsmála

Hinn stórfelldi samdráttur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, sem hófst árið 1967 og hélt áfram 1968, virðist hafa stöðvazt árið 1969, og bendir nú allt til þess, að afkoma þjóðarbúsins fari batnandi.

Á árunum 1967 og 1968 lækkaði þjóðarframleiðslan¹ um 8% og þjóðartekjur um 13%, en orsök þess var fyrst og fremst aflabrestur á síldveiðum og mikið verðfall á nokkrum helztu útflutningsafurðum landsins. Árið 1966 var heildaraflí 1.240 þús. tonn, og þar af nam síld 770 þús. tonnum. Ári seinna féll heildaraflinn niður í 897 þús. tonn og síldaraflinn þar af í 462 þús. tonn, en 1968 féll aflinn enn niður í 599 þús. tonn og síldaraflinn í 142 þús. tonn, en þá var síldaraflinn um 18,5% af því, sem hann var árið 1966. Á sama tíma og þessi mikli brestur varð á aflabrogðum féll verð á útflutningsafurðum mjög mikið. Árin 1967—'68 lækkaði framleiðslumagn sjávarútvegsins til útflutnings um 35%, en erlent verðlag um 16%, þannig var verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarútvegsins 1968 aðeins

um 55% af því, sem það var tveim árum áður.

Í fyrstu taldi stjórn efnahagsmála, að aðeins væri um tímabundinn afturkipp í útflutningstekjum að ræða, og miðaði aðgerðir sínar við það mat. Var því horfið að því ráði að draga úr áhrifum samdráttar í útflutningsframleiðslu og tekjum á atvinnulífið m.a. með því að leyfa nokkrum halla að myndast á reikningum ríkissjóðs, fjárfestingarlánasjóða og innlánsstofnana við Seðlabankann. Fyrir bragðið dróst framleiðsla fyrir innanlandsmarkað og innlend eftirspurn ekki eins mikið saman og útflutningstekjur. Sérstaklega átti þetta við árið 1967, þegar brúttó-þjóðartekjur lækkuðu um 6,8%, en innlend verðmætaráðstöfun jókst um 4,7%. Stafaði þetta m.a. af því, að framkvæmdir við Búrfellsvirkjun, álverið og Straumsvíkurhöfn voru í fullum gangi, en auk þess var mikið um aðra fasta fjármunamyndun, sem enn hafði ekki orðið fyrir áhrifum af samdrætti í útflutningsframleiðslunni. Talsverður hluti af þessari fjármunamyndun skapaðist við það, að verið var að ljúka við ýmsar framkvæmdir, sem hafnar höfðu verið árin áður, en hins vegar var mun minna um nýjar framkvæmdir, sérstaklega í íbúðabyggingum. Árið 1968

¹ Allar tölur yfir þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur í þessum kafla eru miðaðar við óbreytt verðlag frá ári til árs, nema annað sé tekið fram.

stefndu hins vegar bæði þjóðartekjur og innlend verðmætaráðstöfun niður á við. Þjóðartekjur lækkuðu um 7,2%, en innlend verðmætaráðstöfun þó heldur minna, eða um 6,9%. Á þessu ári var því farið að gæta áhrifa samdráttarins í útflutningstekjunum á innlenda eftirspurn, þótt stjórn efnahagsmála miðaði enn fram eftir ári að því að draga úr áhrifum samdráttarins á atvinnulífið.

Á þessum tveimur árum lifði þjóðin ótvírætt um efni fram og notfærði sér þann gjaldeyrisforða, sem safnað hafði verið árin á undan. Í árslok 1966 nam hrein gjaldeyrisseign 3.920 millj. króna á núverandi gengi, en var komin niður í 1.608 millj. króna ári síðar, og í lok október 1968 var staðan orðin neikvæð um 376 millj. króna.

Síðla sumars 1968 var auðsýnt, að aflabresturinn á síldveiðum var ekki lengur tímabundið fyrirbrigði, heldur mátti búast við, að síldveiði yrði mjög lítil um nokkurra ára skeið. Má telja, að með árinu 1966 hafi raunar verið brotið blað í atvinnusögu þjóðarinnar. Á því ári náði verðmæti útflutningsframleiðslu hámarki, en síðan leiddi aflabrestur og hraðlækkandi útflutningsverðlag til mikils samdráttar í útflutningstekjum. Þótti því auðsýnt, að þjóðarbúskapurinn gat ekki lengur grundvallað afkomu sína á sjávarútvegnum sem nær eina útflutningsatvinnuveginum og laga yrði efnahagslífið eftir þessum breyttu aðstæðum. Var því óhjákvæmilegt að breyta stofngengi krónunnar, annars vegar til þess að rétta hallann á greiðslujöfnuðinum og stöðva þar með rýrnun gjaldeyrisforðans, en hins vegar til að skapa núverandi útflutningsgreinum rekstrargrundvöll og

Þjóðarframleiðsla brúttó og verðmætaráðstöfun 1969
(Bráðabirgðaáætlun)

	Millj. kr. á verðl. ársins 1969	Raunverul. vöxtur f. f. á. í%
Þjóðarframleiðsla á markaðsvirði:	33.400	+ 2,0
Innflutningur vöru og þjónustu	15.530	÷ 14,8
Heildarverðm. til ráðst.	48.930	÷ 4,3
Ráðstöfun:		
Útflutn. vöru og þjónustu	15.910	9,6
Ráðstöfun innanlands ..	33.020	÷ 10,6
Einkaneyzla	21.100	÷ 6,7
Samneyzla	3.300	2,2
Föst fjármunamyndun	8.600	÷ 24,1
Birgðabreytingar útfl- vara og bústofns	+ 20	
<i>Geiraskipting fastrar fjármunamyndunar:</i>		
Atvinnuvegirinnir	3.420	÷ 22,9
Íbúðarhús	1.800	÷ 22,1
Byggingar og mannvirki hins opinbera	3.380	÷ 26,2

renna stoðum undir nýjar greinar. Að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar breytti Seðlabankinn stofngengi íslensku krónunnar, þannig að frá 12. nóvember 1968 jafngilti einn Bandaríkjadalur 88 íslenskum krónum. Tæpu ári áður hafði stofngengi krónunnar verið breytt úr 43 krónum í 57 krónur á hvern Bandaríkjadal, m. a. vegna gengislækkunar sterlingspundsins. Þannig hafði stofngengið verið lækkað um 51,1% á tveimur árum, en það jafngilti verðhækkun á erlendum gjaldeyri um 104,7%.


Hagtölur fyrir árið 1969 sýna ótvírætt, að gengisbreytingin hefur haft hagstæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Eins og fram kemur í 2. kafla hefur viðskiptajöfnuðurinn orðið hagstæður árið 1969, og rýrnun gjaldeyrisforðans hef-

ur stöðvæzt og gjaldeyrisstaðan farið stöðugt batnandi.

Orsök þessara straumhvarfa er bæði að finna í hagstæðari aflabrogðum og áhrifum gengisbreytingarinnar á hag og samkeppnisaðstöðu sjávarútvegsins, sem aftur lýstu sér í aukinni sókn og betri nýtingu tækifæra til verðmætisaukningar aflans. Heildarafli árið 1969 var 676 þús. lestir eða um 77 þúsund lestum meiri en árið áður. Þorskaflí jókst um 68 þúsund lestir, en rýrnun síldaraflans frá fyrra ári (úr 142 þús. lestum í 54 þús. lestir) var að talsverðu leyti vegin upp af aukningu í loðnaflanum, sem jókst um 93 þúsund lestir. Aflaukningin jók ekki ein verðmæti sjávarútvegsframleiðslunnar, heldur stuðlaði breytt samsetning aflans einnig að auknu framleiðsluverðmæti. Hér hafði aukning þorskaflans sérstaka þýðingu, en verðmæti hans er mun meira.

Framleiðsla landbúnaðarins dróst nokkuð saman á árinu vegna slæms veðurfarars, sérstaklega á Suðurlandi. Í heild er talið, að magn landbúnaðarafurða verði allt að 5% minna árið 1969 en árið áður.

Framleiðsla iðnaðarins er talin hafa aukizt um 7—8% árið 1969. Stafar þessi aukning að miklu leyti af bættri samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar eftir



gengisbreytinguna 1968, en hún hafði þau áhrif að beina eftirspurn í ríkum mæli frá erlendum til innlendra framleiðsluvara. Auk þess opnuðust iðnaðinum möguleikar til útflutnings.

Þrátt fyrir aukningu í þjóðarframleiðslu árið 1969 er ástandið á vinnu- og markaðinum enn þá ekki nógu gott. Samdrátturinn í þjóðarbúskapnum 1967—68 leiddi óhjákvæmilega til nokkurs atvinnuleysis, þótt stjórnvöld legðu ríka áherzlu á að draga sem mest úr því. Varð það til þess að halda atvinnuleysi

Árleg aukning raunverulegrar þjóðarframleiðslu og þjóðartekna

	1961-'66 meðaltal sex ára %	1967-'68 meðaltal á ári %	1969 (bráðab- tala) %
Þjóðarframleiðsla, brúttó	7,4	÷4,0	2
Þjóðarframleiðsla á mann, brúttó	5,5	÷5,2	1
Þjóðartekjur, brúttó ¹	9,1	÷7,0	3
Þjóðartekjur á mann, brúttó	7,2	÷8,1	2

¹ Mismunur á vexti þjóðartekna og þjóðarframleiðslu stafar af breytingum á viðskiptakjörum.

langt fyrir neðan það, sem við væri hægt að búast á slíkum samdráttartímum. Í janúar 1969 voru um 5.500 manns atvinnulausir, en það stafaði að miklu leyti af verkfalli bátasjómannanna í byrjun vetrarvertíðar. Jafnskjótt og flotinn lét úr höfn, dró mjög úr atvinnuleysinu. Í apríl var hlutfall atvinnulausra í fjölda vinnandi manna komið niður í 1,6%, og hélzt það lágt allt sumarið og fram á haust. Um áramótin 1969—70 var tala atvinnulausra komin í 2.500, en auk þess er talið, að 350—400 vinnufærir karlmenn hafi horfið úr landi á árinu umfram þá, sem inn fluttust.

Ofangreindar tölur um atvinnuleysi ber að skoða í ljósi þess, að þær gefa nokkuð ýkta hugmynd um breytingu atvinnuástandsins frá fyrri árum. Nákvæm athugun á atvinnuleysi síðla sumars 1969 sýndi, að margt af því fólki, sem þá fékk ekki vinnu, vann ekki reglulega hvort eð var eða var háð öðrum annmörkum.

Meðfylgjandi tafla um aukningu á raunvirði þjóðarframleiðslu sýnir, að þjóðarframleiðslan er talin hafa vaxið um 2% árið 1969. Bætt viðskiptakjör gerðu það að verkum, að þjóðartekjur jukust nokkru meira, eða um 3%. Hagstæð þróun viðskiptakjara orsakaðist fyrst og fremst af 4—5% meðalhækkun útflutningsverðlags, en innflutningsverðlag er talið hafa hækkað um 1—1½%.

Það, sem einkenndi ráðstöfun þjóðartekna 1969, var leiðrétting sú á greiðslu-jöfnuðinum, sem stefnt var að með gengisbreytingunni 1968. Gengisbreytingin hvatti í fyrsta lagi til nýrrar sóknar í útflutningsframleiðslu, en hins vegar olli verðhækkun á innflutningi vegna

gengisbreytingarinnar talsverðum innflutningssamdrætti. Í öðru lagi var tekjusamdráttur sá, sem útflutningshrunið 1967 og 1968 olli, enn að koma fram í formi minnkandi neyzlu og fjárfestingar árið 1969. Í þriðja lagi hafði það þýðingarmikil áhrif, að snemma á árinu var lokið við framkvæmdir við Búrfellsvirkjun, álverið og höfnina í Straumsvík, en það dró mjög úr fjármunamyndun á árinu.

Einkaneyzla dróst saman um 6,7% eða álíka og raunvirði ráðstöfunartekna, sem minnkaði um 7%. Gera má ráð fyrir, að samdráttur einkaneyzlunnar á árinu 1969 hafi orðið nokkru meiri fyrir það, að vörukaup, sérstaklega á innfluttum vörum, hafi flutt óeðlilega mikið yfir á árið á undan, þar eð mikil alda spákaupmennsku gekk yfir mánuðina fyrir gengisbreytinguna í nóvember 1968. Samneyzla, þ. e. neyzla og þjónusta opinberra aðila, mun hins vegar hafa aukizt um 2,2%, en aukning hennar er talsvert stöðugri ár frá ári og síður háð hagsveiflum. Föst fjármunamyndun mun hins vegar hafa minnkað um nær fjórðung, en þar gætir mjög samdráttar í íbúðabyggingum annars vegar og í framkvæmdum vegna Búrfells, álversins og Straumsvíkurhafnar, sem greint er frá hér að ofan, hins vegar. Þessar síðasttöldu framkvæmdir námu nær fjórðungi allrar fastrar fjármunamyndunar árið 1968, en 1969 eru þær taldar hafa minnkað um 26% frá árinu áður. Önnur fjármunamyndun atvinnuveganna er talin hafa minnkað um 24% og fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 22%. Opinberar framkvæmdir minnkuðu um 26%. Þessi samdráttur í fjármunamyndun hafði sterk áhrif á tekjumyndun og at-

vinnu. Árið 1969 var myndun fastra fjármuna orðin 22% minni brúttó en árið 1966, en það olli miklum samdrætti í atvinnu hjá byggingariðnaðinum og dró um leið mjög úr tekjumyndun hjá þjónustugreinum. Er þar að finna eina skýringu á því, hve mjög einkaneyzla dróst saman árið 1969.

Útflutningur vöru og þjónustu er talinn hafa aukizt að magni um 9,6% árið 1969, en verðmætisaukning hans er talin nokkru meiri, þar eð útflutningsverðlag hækkaði um 4–5%. Aðalorsök magnaukningarinnar er að finna í bættum aflabrogðum og hagstæðum áhrifum gengisbreytingarinnar á útflutningsframleiðslu. Einnig hófst útflutningur áls á árinu, en það gerir heildarútflutningsmagnið síður sambærilegt við fyrri ár. Alls jókst útflutningur á vörum um 31% að verðmæti (miðað við fastgengi), en að frátöldum útflutningi áls jókst hann um 24%.

Heildarútflutningur sjávarafurða jókst um nær 22% að verðmæti (á föstu gengi). Nokkrar verðhækkningar urðu á þýðingarmiklum sjávarafurðum á árinu, m. a. frystum fiskflökum, sem í heild voru 4% hærri í verði árið 1969 en árið áður. Einnig var nokkur verðhækkun á ísfiski öðrum en síld (15%), fiskmjöli (23%) og síldarmjöli (13%), en allar þessar hækkningar höfðu talsverða þýðingu fyrir útflutningstekjurnar.

Auk þess hækkaði saltsíld mjög í verði, en sú hækkun kom að litlu gagni vegna lítills síldarafla. Helztu verðlækkningar sjávarafurða voru á óverkuðum saltfiski (10%), skreið (20%) og ísvarinni síld (48%). Útflutningur landbúnaðarafurða minnkaði um 2% að verðmæti.

Á árinu 1970 er búizt við áframhaldandi vexti þjóðarframleiðslu, og samkvæmt síðustu áætlunum Efnahagsstofnunarinnar er gert ráð fyrir um 3–4% aukningu frá árinu 1969. Enn fremur er áætlað, að greiðslujöfnuðurinn verði hagstæður annað árið í röð, en þá er gert ráð fyrir, að tekizt hafi að halda víxlverkunum kaupgjalds og verðlags í skefjum. Verði reyndin önnur, er hætt við, að fljótt dragi úr hagstæðum áhrifum síðustu gengisbreytingar, sem mundi endurspeglast í óhagstæðri þróun greiðslujafnaðarins, þar eð eftirspurn beindist í ríkari mæli frá innlendum að erlendum framleiðsluvörum á ný, jafnframt því sem hækkandi kostnaður drægi úr útflutningsmöguleikum. Skiptir það því miklu máli nú, þegar verðhækkunaráhrif síðustu gengisbreytingar hafa að mestu eða öllu leyti komið fram í verðlaginu, að verðlag haldist stöðugt og kauphækkningar almennt verði ekki meiri en eðlilegt getur talizt í samræmi við þróun framleiðslu og framleiðniaukningar atvinnuveganna.

2. Greiðslujöfnuður

Þær tölur, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu 1969, en það eru að vísu aðeins bráðabirgðatölur, sýna, að þróunin varð hagstæð í flestum þáttum greiðslujafnaðarins. Þannig mun hafa verið um það bil fullur jöfnuður á vöruskiptum og þjónustujöfnuður hagstæður um rúmlega 400 millj. kr. Þar sem fjármagnsinnflutningur var auk þess mikill á árinu, varð heildargreiðslujöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í breytingu á gjaldeyrisstöðu, hagstæður um 1.685 millj. kr. Eru þetta mikil umskipti frá árinu áður, en þá varð heildargreiðslujöfnuðurinn óhagstæður um 1.300 millj. kr., reiknað á því gengi, sem gildi á árinu 1969. Þróun útflutningsframleiðslunnar varð hagstæð bæði hvað snerti magn og verð, þótt sildarafli brygðist að vísu að miklu leyti. Jókst verðmæti útflutningsframleiðslunnar um rúmlega 30% og er þá álframleiðsla, sem hófst á árinu, undanskilin, en verðmæti þeirrar framleiðslu nam tæpum 600 millj. kr. Verðmæti útflutnings jókst um tæp 24%, ef útflutningur á áli, sem nam 519 millj. kr., er undanskilinn. Var útflutningsverðmætið þá komið í tæp 73% af því, sem það var orðið á árinu 1966, svo að um helmingur af útflutningstekjutapi árianna 1967 og 1968 hefur unnizt upp að nýju. Verðmæti útflutningsvörubirgða lækkaði um 43 millj. kr. á árinu, þegar miðað er við verðlag birgða í ársbyrjun annars vegar og verðlag í árslok hins vegar og birgðir af áli ekki meðtaldar. Á árinu 1968 varð birgðalækkun hins

vegar miklu meiri eða um 570 millj. kr. miðað við núverandi gengi.

Almennur innflutningur lækkaði um 14% miðað við árið 1968, en vöruinnflutningur í heild lækkaði um 19%. Lækkun varð á innflutningi skipa og flugvéla og innflutningi vegna framkvæmda við Búrfell, en aukning varð á innflutningi vegna álbræðslu.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var heildarhallinn á vöruskiptum við útlönd 1.386 millj. kr., og er þá útflutningur reiknaður á f.o.b.-verði, en innflutningur á c.i.f.-verði. Árið áður nam hallinn á vöruskiptajöfnuði, reiknaður á sama hátt, um 4.937 millj. kr., ef reiknað er með því gengi, sem gildi á árinu 1969. Til þess að fá fram raunhæfan vöruskiptajöfnuð þarf að gera ýmsar tilfærslur og breytingar á þeim tölum, sem Hagstofan birtir um inn- og útfluttar vörur. Í fyrsta lagi þarf að draga frá innflutningstöllum Hagstofunnar áætluð flutningsgjöld og annan innflutningskostnað, en bæta við þeim innflutningi, sem ekki er færður þar á skýrslur, svo sem innflutningi vegna varnarliðsins og innflutningi á verktafvörum vegna byggingarframkvæmda við álbræðsluna í Straumsvík. Þá hefur verið nokkuð um það, að annar innflutningur vegna byggingar álbræðslunnar hafi ekki komið á innflutningsskýrslur á því ári, sem innflutningur hefur átt sér stað á, þ. e. að um hefur verið að ræða tilflutning milli ára, og þarf þá í því sambandi að leiðrétta tíma-setningu til þess að fá sem réttast árs-

yfirlit. Innflutningur vegna álbræðslunnar bæði til byggingarframkvæmda og rekstrar nam 955 millj. kr. á árinu 1969 á f.o.b.-verði, en í innflutningsskýrslum er innflutningur til íslenska álfélagsins talinn 1.539 millj. kr. á c.i.f.-verði. Innflutningur vegna varnarliðsins nam 123 millj. kr. á f.o.b.-verði. Loks má geta þess, að í útflutningstölum í verzlunarskýrslum, sem í meginatriðum eru á f.o.b.-grundvelli, er útflutningur ísfisks þó talinn á c.i.f.-verði, þar sem áætlaður flutningskostnaður hefur ekki verið dreginn frá í útflutningstölunum. Þarf því að leiðrétta útflutningstölur sem þessu nemur, en flutningskostnaður þessi færir aftur sem tekjur á samgöngulið þjónustujafnaðar í greiðslujafnaðaryfirliti. Þegar framangreindar breytingar og tilfærslur hafa verið gerðar, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn á árinu 1969 hefur orðið óhagstæður um aðeins 30 millj. kr. Árið áður var vöruskiptajöfnuðurinn, gerður upp á sama hátt, óhagstæður um 4.224 millj. kr., þegar miðað er við það gengi, sem gildi á árinu 1969. Í framangreindum tölum er innifalinn innflutningur vegna skipa, flugvéla, virkjunarframkvæmda við Búrfell, álbræðslunnar í Straumsvík og varnarliðsins, en alls nam þessi innflutningur um 1.430 millj. kr. Ef þessi sérstaki innflutningur, sem að mestu leyti er greiddur með erlendu lánsfé og fé erlendra aðila, væri undanskilinn og frá útflutningi væri dreginn útflutningur á áli, sem nam um 520 millj. kr., myndi vöruskiptajöfnuðurinn vera hagstæður um tæpar 900 millj. kr.

Enn sem komið er, eru aðeins fyrir hendi lauslegar áætlanir um þjónustu-

jöfnuðinn, en til hans teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, varnarliðsviðskiptum o. fl. Samkvæmt bráðabirgða-áætlun er gert ráð fyrir, að þjónustujöfnuðurinn hafi orðið hagstæður um 410 millj. kr., og eru þá meðtalin 515 millj. kr. gjöld vegna álbræðslu og 160 millj. kr. önnur gjöld en vaxtagreiðslur vegna framkvæmda við Búrfell. Viðskiptajöfnuðurinn í heild, þ.e. jöfnuður á vörum og þjónustu, er því áætlaður hagstæður um 380 millj. kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir bráðabirgðatölur um greiðslujöfnuðinn 1969, en þar eru einnig tilgreindar endanlegar tölur fyrir árið 1968, umreiknaðar á því gengi, sem gildi á árinu 1969.

Greiðslujöfnuður við útlönd

Í millj. kr.

<i>Vörur og þjónusta:</i>	1968	1969 ¹
Innflutt skip og flugvélar	÷ 586	÷ 52
Innflutt v/Búrfells	÷ 660	÷ 300
Innfl. v/álbr.: bygg.v. . .	÷ 885	÷ 492
Innfl. v/álbr.: rekstrarv.	—	÷ 463
Innflutt v/varnarliðsins .	÷ 131	÷ 123
Sérstakur innfl. samtals	÷ 2.262	÷ 1.430
Aðrar innfluttar vörur ..	÷ 9.253	÷ 8.000
Innflutt alls	÷ 11.515	÷ 9.430
Útflutningur	+ 7.291	+ 9.400
Vöruskiptajöfnuður	÷ 4.224	÷ 30
Þjónustujöfnuður, nettó .	+ 173	+ 410
Viðskiptajöfnuður	÷ 4.051	+ 380
<i>Framlög án endurgjalds</i> ..	÷ 78	÷ 70
<i>Fjármagnshreyfingar:</i>		
Opinberar lántökur, nettó	+ 2.043	+ 1.100
Lántökur einkaaðila, nettó	÷ 591	÷ 870
Erlent einkafjármagn . . .	+ 1.320	+ 1.440
Aðrar hreyfingar, nettó .	÷ 46	÷ 210
Fjármagnsjöfnuður	+ 2.726	+ 1.460
Skekkjur og vantalið, nettó	+ 97	÷ 85
<i>Heildargreiðslujöfnuður</i> ..	÷ 1.306	+ 1.685

¹ Bráðabirgðayfirlit.


Samkvæmt bráðabirgðayfirliti varð fjármagnsjöfnuðurinn hagstæður um 1.460 millj. kr. Helztu þættir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, fyrirframgreiðslur vegna skipa og flugvéla, erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar um 2.070 millj. kr. Þar af námu lántökur einkaaðila aðeins 70 millj. kr. Lántökur opinberra aðila námu því 2.000 millj. kr., þar af voru um 970 millj. kr. vegna virkjunar við Búrfell og varaafsstöðvar í Straumsvík og 550 millj. kr. framkvæmdalán, sem tekið var í V.-Þýzka-

landi. Endurgreiðslur af föstum lánum námu alls um 1.840 millj. kr., þar af um 940 millj. kr. af einkalánunum, en um 900 millj. kr. af opinberum lánum. Samkvæmt þessum tölum, sem allar byggjast á bráðabirgðaáætlunum, lækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 870 millj. kr., en opinber lán hækkuðu um 1.100 millj. kr. Heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkuðu því aðeins um 230 millj. kr. á árinu 1969. Árið áður hækkuðu föst erlend lán um 1.450 millj. kr., miðað við sama gengi og árið 1969. Stutt erlend vörukaupalán hækkuðu um 168 millj. kr. 1969, en árið áður lækkuðu þau um 80 millj. kr., miðað við sama gengi.

Innkomið erlent fjármagn til fjárfestingar í atvinnurekstri nam um 1.440 millj. kr. Þar af voru tæpar 50 millj. kr. á vegum Kísiliðjunnar h.f., en hitt á vegum Íslenska álfélagsins h.f. Í heild er áætlað, að fjármagnsjöfnuðurinn hafi orðið hagstæður um 1.460 millj. kr. Heildargreiðslujöfnuður, eins og hann kemur fram í gjaldeyrisviðskiptum bankanna, varð eins og áður er sagt hagstæður um 1.685 millj. kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt skráðu gengi í hver árslok.

Til þess að treysta greiðsluáðstöðuna gagnvart útlöndum og til tryggingar eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum samdi Seðlabankinn um lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og var lán að upphæð 7,5 millj. dollara tekið í marz 1969. Í apríl 1969 endurgreiddi Seðlabankinn



Gjaldeyrisstaða bankanna


Í millj. kr.

	1967	1968	1969
<i>Seðlabankinn</i>			
Frjáls gjaldeyrir og gull:			
Eignir	2.012	2.512	3.429
Skuldir	466	1.225	1.319
Frjáls gjaldeyrir, nettó	1.546	1.287	2.110
Vöruskiptareikningar:			
Eignir	63	52	7
Skuldir	93	204	115
Vöruskiptareikn., nettó	÷ 30	÷ 152	÷ 108
Nettóstaða Seðlabankans	1.516	1.135	2.002
<i>Viðskiptabankar</i>			
Erlendar eignir	72	110	438
Erlendar skuldir*	547	943	452
	÷ 475	÷ 833	÷ 14
<i>Gjaldeyrisstaða bankanna</i>			
Frjáls gjaldeyrir	1.071	454	2.096
Vöruskiptagjaldeyrir .	÷ 30	÷ 152	÷ 108
Alls	1.041	302	1.988

* Þar af útflutningsvöruvíxlar 1967: 253 m. kr., 1968: 447 m. kr. og 1969: 73 m. kr.

bráðabirgðalán að upphæð 5 millj. dollara, sem hann hafði tekið hjá Evrópusjóðnum í nóvember 1968. Framangreindar lántökur og endurgreiðslur þeirra hafa ekki áhrif á gjaldeyrisstöðuna nettó, þar sem andvirði lánanna kemur við lántöku inn í stöðuna sem aukin gjaldeyriseign, en skuldir við viðkomandi stofnanir eru færðar á móti til skulda. Á sama hátt verður við endurgreiðslu lækun á erlendum innstæðum, en skuldir lækka á móti um sömu upphæð.

Í 3. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1965—1969,



og í 4. töflu er yfirlit um gjaldeyrisstöðu bankanna síðan 1960.

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd á árinu 1969 samkvæmt verzlunarskýrslum voru þær, að innflutningur frá Bandaríkjunum og Kanada lækkaði úr 11% í 9% af heildarinnflutningi, en innflutningur frá Austur-Evrópulöndum jókst úr 11,5% í 12,3% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá löndum Fríverzlunarsvæðisins var hlutfallslega því nær óbreyttur og nam 41% af heildarinnflutningi, sömuleiðis var lítil breyting á hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins og nam tæplega 28% af heildarinnflutningi 1969. Þá hófst á árinu 1969 innflutningur á súráli frá Guinea, og nam sá

innflutningur rúmlega 280 millj. kr. Að því er við kemur skiptingu útflutnings á lönd voru helztu breytingar þær, að hlutfallslega jókst útflutningur til Bandaríkjanna úr rúmlega 25% í tæplega 28% af heildarútflutningi, en útflutningur til Austur-Evrópulanda minnkaði úr rúmlega 14% í rúmlega 11% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Fríverzlunarsvæðisins var því nær óbreytt á árinu og nam tæpum 37% af heildarútflutningi. Lítils háttar aukning varð á hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins, en hún nam 15,6% af heildarútflutningi á árinu 1969.

VIÐSKIPTASAMNINGAR. Á árinu 1969 var undirritaður nýr viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Póllands, er gildir frá ársbyrjun 1970 til ársloka 1974. Er þessi nýi samningur, eins og fyrri samningar við Pólland, á marghliða greiðslugrundvelli og samkvæmt beztukjaraákvæðum. Jafnframt gerðu Seðlabanki Íslands og pólski verzlunarbankinn, Bank Handlowy w Warszawie S.A., með sér samkomulag um greiðslufyrirkomulag á samningstímabilinu, þar sem ákveðið er, að greiðslur milli landanna fari fram í Bandaríkjadollurum um reikninga nefndra banka.

Viðskiptasamningarnir við Brasilíu og Tékkóslóvakíu voru í gildi óbreyttir á árinu 1969.

Vöruskiptasamningar á jafnvirðis-kaupagrundvelli voru í gildi á árinu 1969 milli Íslands og eftirtalinna landa: Rúmeníu, Rússlands og Ungverjalands, auk samnings við Austur-Þýzkaland, sem byggður er á einkaviðskiptum.

Auk framangreindra samninga voru

almennir viðskiptasamningar í gildi við eftirtalin lönd á árinu 1969: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgóslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Þýzkaland.


GENGISSKRÁNING. Stofngengi íslensku krónunnar var óbreytt á árinu 1969, 88,00 kr. í einum Bandaríkjadollar, en það svarar til þess, að ein íslensk króna sé jöfn 0,0100985 gr af skíru gulli. Á árinu var kaup- og sölugengi á Bandaríkjadollar fast, og var kaupgengið skráð á 87,90 kr. og sölugengið á 88,10 kr. hver dollar. Gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri var hins vegar breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Voru því alltiðar breytingar á skráningu hinna ýmsu mynta, ekki sízt vegna nokkurs óstöðugleika á gengi gjaldmiðils sumra landa á árinu. Af þeim gjaldmiðlum, sem Seðlabankinn skráir, varð breyting á árinu á stofngengi (par value) á frönskum franka og vestur-þýzku marki. Stofngengi franska frankans var breytt 10. ágúst með lækkun um 11,1%. Stofngengi þýzka marksins var breytt 26. október með hækkun um 9,3%, en áður hafði þýzki þjóðbankinn hætt opinberri skráningu í nokkrar vikur. Af þessum orsökum felldi Seðlabankinn niður skráningu á vestur-þýzku marki á tímabilinu frá 25. september til 28. október 1969, en gjaldeyrisviðskiptabankarnir héldu á því tímabili uppi óformlegri skráningu á markinu samkvæmt gengi þess á hinum frjálsum gjaldeyrisörkuðum. Á 11. töflu er sýnd gengisskráning Seðlabankans í lok hvers mánaðar á árinu 1969.


3. Þróun peningamála

Mikil stefnubreyting varð á þróun þjóðartekna á árinu 1969, eins og lýst hefur verið hér að framan, og kom hún einnig glögg fram í þróun peningamála. Gagnstætt þróun undanfarandi ára, er hafði einkennzt af mikilli eftirspurn eftir lánsfé umfram framboð, náðist meira jafnvægi á peningamarkaðnum árið 1969 en verið hafði um alllangt skeið. Má telja, að eðlilegri lánsfjárefrtirspurn hafi verið að mestu fullnægt, jafnframt því sem lausafjárstaða fyrirtækja batnaði verulega, en hún hafði versnað mjög samdráttarárin 1967 og 1968. Lausafjárstaða innlánsstofnana, sem hafði farið stöðugt versnandi frá því síðla árs 1966, batnaði einnig mjög mikið á árinu 1969.

Skýringa á þessari hagstæðu þróun peningamála árið 1969 er að leita í mörgum ytri og innri orsakatengslum. Hagstæð ytri þróun þjóðarbúsins, svo sem góð aflabrogð (þrátt fyrir síðarleysi) og hækkandi verðlag erlendis á helztu útflutningsafurðum Íslendinga samfara árangursríkum verð- og tekjuáhrifum undanfarandi gengisbreytingar krónunnar, stuðlaði að stórbættum greiðslujöfnuði og mikilli gjaldeyrisvarasjóðsmyndun. Slíkar aðstæður valda að öðru jöfnu útstreymi fjármagns úr Seðlabankanum og þar með peningabenslu, enda jókst peningamagn í höndum almennings um tæplega einn þriðja á árinu 1969. Var því nauðsynlegt að hamla gegn því, að þessi sjálfvirka peningasköpun leiddi af sér óæskilega almenna útlánabenslu, jafnframt því sem atvinnuvegunum, og þá sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum, yrði þó tryggt

nægjanlegt rekstrarfé til þess að notfæra þau tækifæri, sem opnuðust í kjölfari gengisbreytingarinnar. Erfið lausafjárstaða innlánsstofnana í byrjun ársins og þörf úrbóta þar á skapaði vissu aðhald og auðveldaði yfirvöldunum að






ná settum markmiðum. Miklar verð- og tekjubreytingar, er fylgdu breytingu á gengi krónunnar, samfara almennum samdrætti í eftirspurn eftir vörum og þjónustu drógu einnig úr eftirspurn eftir lánsfé, sérstaklega til íbúðabygginga og annarrar fjárfestingar, þannig að efnahagslegar aðstæður stuðluðu einnig að jafnvægi á peningamarkaðnum.

Stefna Seðlabankans í peningamálum árið 1969 mótaðist í ríkum mæli af því að tryggja framgang þeirra markmiða, er stefnt var að með síðustu breytingu á gengi krónunnar. Beitti Seðlabankinn bæði almennum og sérhæfðum peningalegum aðgerðum, sem miðuðu að því að skapa viðunandi rekstrar- og samkeppnisaðstöðu fyrir atvinnuvegina og þá sérstaklega útflutningsatvinnuvegina

og innlendan iðnað, en hún er óhjákvæmileg forsenda fyrir því, að lífsskjör hér á landi geti þróast sambærilega við það, sem gerist hjá nágrannaþjóðunum. Skál nú rakið það helzta, er gert var í þessum efnunum.

Í ársbyrjun 1969 veitti Seðlabankinn með milligöngu viðskiptabanka sjávarútveginum sérstök rekstrarlán, alls að upphæð 100 millj. kr. Tilgangur þeirrar lánaþyrirgreiðslu var fyrst og fremst að bæta úr mjög alvarlegum lausafjárerfiðleikum bátaútvegsins, sem skapast höfðu á undanförunum tveim árum, og gera útveginum þannig kleift að koma flotunum á veiðar og notfæra sér þau tækifæri, sem hagstæð verð- og tekjuáhrif gengisbreytingarinnar buðu útflutningsatvinnuvegunum öðrum fremur upp á. Í




öðru lagi var ákveðið að hækka afurðalán til sjávarútvegs og annarrar útflutningsframleiðslu í samræmi við gengisbreytinguna, og leiddi þetta til mikillar hækkunar afurðalána á árinu. Þegar sjávarafurðalán voru hæst, en það var í ágúst, urðu þau 485 millj. kr. hærri en á sama tíma árið áður. Í þriðja lagi beitti Seðlabankinn sér fyrir sérstakri rekstrarfjárfyrirgreiðslu til handa iðnfyrirtækjum. Námu lánveitingar Seðlabankans í þessum tilgangi nærri eitt hundrað og fimmtíu milljónum króna á árinu 1969, en lánin voru veitt með milligöngu viðskiptabankanna, sem lögðu einnig fram nokkurt fé í sama tilgangi til móts við Seðlabankann. Tilgangur þessarar lánaþyrirgreiðslu var að auðvelda iðnfyrirtækjum aðlögun að breyttum aðstæðum í kjölfari gengisbreytingarinnar. Allur rekstrarkostnað-

ur iðnfyrirtækja hafði farið ört hækkandi á undanförunum árum samhliða tiltölulega stöðugu verðlagi innfluttra vara fram til gengisbreytingarinnar í nóv. 1967. Hagstæð verðáhrif þeirrar breytingar, þ.e.a.s. hlutfallsleg hækkun erlendrar vöru og þjónustu miðað við innlenda, bættu fjárhagsaðstöðu iðnfyrirtækja aðeins að takmörkuðu leyti árið 1968, þar eð almennur tekjusamdráttur, sem átti sér stað samtímis, dró verulega úr heildareftirspurn eftir vörum og þjónustu. Lausafjárstaða iðnfyrirtækja var því almennt mjög erfið í ársbyrjun 1969 og fyrirtæki þar af leiðandi lítt undir það búin að notfæra sér bættu samkeppnisaðstöðu, sem breytingar á skráðu gengi krónunnar sköpuðu. Sérstakri fyrirgreiðslu Seðlabankans við iðnaðinn á árinu 1969 var því ætlað að ráða bót á þessu, en jafnframt myndi

hún auðvelda iðnfyrirtækjum aðlögun að þeim aðstæðum, er sköpuðust við væntanlega inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalag Evrópu (EFTA). Seðlabankinn veitti einnig byggingariðnaðinum sérstaka fyrirgreiðslu með beinum lánveitingum til Byggingarsjóðs ríkisins. Sú aðgerð verður að teljast gagnverkandi hagráðstöfun, sem ætlað var að örva á ný byggingarstarfsemi í landinu, en hún hafði dregið verulega saman árið 1968 og dregið enn frekar saman á árinu 1969, og hafði það leitt af sér mikið atvinnuleysi í þeirri atvinnugrein. Loks veitti Seðlabankinn ríkissjóði 125 millj. kr. lán til starfsemi Atvinnumálanefndar ríkisins, en starfsemi hennar beindist eingöngu að því að ráða bót á atvinnuleysi og bæta aðstæður til atvinnuaukningar.

Samhliða þeim sérhæfðu aðgerðum, er Seðlabankinn beitti sér fyrir, var lögð áherzla á, að hin mikla sjálfvirka peningasköpun, sem hin sérstöku útlán Seðlabankans og aukning gjaldeyrisvarasjóðsins hafði í för með sér, leiddi ekki af sér óhóflega almenna útlánaþenslu bankakerfisins. Sérstakra aðgerða eða breytinga í notkun hagstjórnartækja, svo sem vaxta, bindiskyldu eða endurkaupa afurðalána, var þó ekki þörf, þar eð neikvæð lausafjárstaða innlánsstofnana í byrjun ársins, samhliða aðhaldi Seðlabankans í skammtíma fyrirgreiðslu og bindiskyldukvöð á allt að einum fimmta innlánsaukningar, stuðlaði að því að bæta lausafjárstöðu innlánsstofnana á árinu 1969, bæði gagnvart Seðlabankanum svo og útlöndum. Hér vó einnig þungt á metunum ríkjandi eftirspurnartregða, svo og þörf almennings á að byggja upp á ný peninga-



og sparifjáreign sína, en hún hafði minnkað verulega á mánuðunum fyrir gengisbreytinguna í nóvember 1968, er spákaupmennska réð ríkjum.

Bætt staða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum skapaði aukið svigrúm til sérhæfðra aðgerða, eins og lýst hefur verið hér að framan, jafnframt því sem hún stuðlaði að frekari gjaldeyrisvarasjóðsmyndun. Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum versnaði þó enn allmikið þriðja árið í röð, en bætt staða fjárfestingarlánasjóða gerði meira en að vega upp þau þensluáhrif. Afkoma ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum var þó mun betri en árið 1968. Hins vegar veitti Seðlabankinn ríkissjóði víska lánafyrirgreiðslu utan fjárlaga, og þar vó þungst á metunum lán vegna Atvinnumálanefndar ríkisins og skammtíma fyrirgreiðsla vegna Straumsvíkurhafnar. Sömuléiðis átti sér stað nokkur tilflutningur fjármagns frá ríkisgeiranum til fjárfestingarlánasjóða, sem útskýrir að nokkru versnandi stöðu ríkissjóðs annars vegar og bætta

Reikningar bankakerfisins¹

Í millj. kr.	Reikningsstaða Reikningshreyfingar		
	31. des. 1969	1968	1969
A. Áhrif bankaviðskipta á peninga- og sparifjäreign ...	14.729	+ 900	+2.676
a. Erlendar eignir, nettó	1.827	÷ 529 ²	+1.871
b. Innlendir liðir	12.902	+1.429	+ 805
1. Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	640	+ 155 ²	+ 376
2. Staða fjárfestingarlánasjóða, nettó	59	+ 60	÷ 533
3. Útlán til annarra aðila	13.585	+1.196	+1.523
4. Endurlánað erlent lánsfé	210	÷ 7	÷ 363
5. Annað, nettó	÷1.592	+ 25 ²	÷ 198
B. Peningamagn og sparifjäreign	14.729	+ 900	+2.676
a. Peningamagn	3.946	+ 274	+ 938
1. Seðlar og mynt	1.226	÷ 18	+ 194
2. Veltifé	2.720	+ 292	+ 744
b. Sparifé	10.783	+ 626	+1.738

¹ Seðlabanka, viðskiptabanka, sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga.

² Tölum um hreyfingu liðanna „erlendar eignir, nettó“, „staða ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó“, og „annað, nettó“, hefur verið breytt til þess að eyða bókhaldshreyfingum, er eingöngu hafa orsakast af breytingu á skráðu gengi krónunnar, sbr. breytingu í nóvember 1968.

stöðu fjárfestingarlánasjóða hins vegar. Erlendar lántökur bættu einnig stöðu fjárfestingarlánasjóðanna gagnvart Seðlabankanum, að svo miklu leyti sem þær höfðu ekki verið notaðar við árslok 1969. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir viðskiptum Seðlabankans og innlánsstofnana gagnvart öðrum aðilum og innbyrðis.

Peningamagn í umferð, þ. e. a. s. seðlar, mynt og veltiinnlán, jókst um rösk 31% á árinu 1969 samanborið við 10% aukningu árið áður. Hins vegar jókst peningamagnið aðeins um tæp 3% bæði árin 1967 og 1968, en hafði aukizt um tæp 13% að meðaltali á átta ára tímabilinu 1961—1968. Sé til samanburðar litið á þróun þjóðarframleiðslu, kemur í ljós, að á árunum 1961—1968 jókst raunveruleg þjóðarframleiðsla um 4,5% að meðaltali á ári, samtímis því sem verðlag lagt til

grundvallar þjóðarframleiðslunni hækkaði um tæp 11%, þannig að þjóðarframleiðsla, reiknuð á verðlagi hvers árs, jókst um 16% að meðaltali á ári á þessu átta ára tímabili. Af þessu er ljóst, að á umræddu tímabili varð nokkru minni aukning á peningamagni í umferð heldur en þjóðarframleiðslunni, reiknaðri á verðlagi hvers árs, sem gefur glöggt til kynna aukinn veltuhraða peninga í umferð. Hins vegar var aukning peningamagns á þessum tíma langt umfram raunverulega aukningu þjóðarframleiðslunnar og verkaði þannig sem hvati til verðhækkana, þar eð eftirspurn, metin í peningum, jókst hraðar en framboð vöru og þjónustu. Verðlag hækkaði einnig af öðrum orsökum, og vega þar sennilega þyngst á metunum víxlverkanir hækkaði verðlags og kaupgjalds, en verðhækkun innfluttrar vöru og þjónustu verkar einnig í sömu átt, hvort sem

hækkunin stafar af breytingu á gengi krónunnar eða vegna hækkunar á erlendu verðlagi. Eins og greint er frá áður jókst peningamagn í umferð um rösk 31% árið 1969, en áætlað hefur verið, að þjóðarframleiðslan, reiknuð á gangverði, hafi aukizt um rösk 22%, en mestur hluti þessarar hækkunar var afleiðing af verðbreytingum þeim, er fylgdu í kjölfar gengislækkunarinnar. Hefur því dregið verulega úr veltuhraða peninga á árinu 1969 gagnstætt þróun fyrri ára. Tölur um ávísanaskipti á vegum Seðlabankans benda einnig til hins sama. Raunveruleg aukning þjóðarframleiðslunnar árið 1969 er hins vegar áætluð um 2%, þannig að um gífurlega umframaukningu peningamagns var að ræða. Orsök þessarar miklu peningabenslu má eins og áður segir bæði rekja til útlánastefnu Seðlabankans og hinnar miklu aukningar gjaldeyrisvarasjóðs, sem endurspegladi hagstæðan greiðslujöfnuð og hækkun erlends gjaldeyris, mælt í krónum, er stafaði af síðustu gengisbreytingu krónunnar. Jukust erlendar eignir bankakerfisins um 1.871 milljón króna nettó, en höfðu dregizt saman um 529 milljónir króna árið 1968. Hins vegar dró nokkuð úr heildarútlánaaukningu bankakerfisins til ríkisins, fjárfestingarlánastofnana og annarra innlendra aðila, en hún nam alls 1.366 milljónum króna, miðað við útlánaaukningu að upphæð 1.411 milljónir króna árið 1968. Einnig minnkuðu endurlán erlends lánsfjár um 363 milljónir króna árið 1969, en höfðu staðið svo til óbreytt árið áður. Veruleg aukning sparifjárhamlaði einnig gegn enn meiri aukningu peningamagns en raun varð á, og nam sparifjárukningin alls árið 1969 um

1.738 milljónum króna eða 19,2%, en varð aðeins 626 milljónir króna eða rösk 7% árið áður.

Verður nú nánar vikið að einstökum þáttum í þróun peningamála á árinu 1969 og þá fyrst vikið að inn- og útlánnum viðskiptabanka og sparisjóða að meðtöldum innlánsdeildum kaupfélaga. Á árinu 1969 jukust heildarinnlán verulega eða um tæp 23%, en árið 1968 höfðu þau aðeins aukizt um rösk 9%. Meðalinnlánsaukning árána 1961—68 (þ.e.a.s. átta ára) var hins vegar nálægt 17% á ári, svo að innlánaþróun árið 1969 var vel fyrir ofan meðaltal fyrri ára. Sparifé jókst um rösk 19% árið 1969 og var það aðeins fyrir ofan meðaltal árána 1961—1968, en allverulega umfram þá sparifjárukningu (7,4%), sem varð árið 1968, enda gætti mikillar spákaupmennsku mánuðina fyrir gengisbreytinguna í nóvember það ár.

Veltiinnlán hjá innlánsstofnunum jukust um tæp 38% árið 1969, en höfðu aukizt um rösk 17% árið áður og að meðaltali um 13,3% á ári tímabilið 1961—1968. Var þetta því ein mesta aukning veltifjár, sem orðið hefur á einu ári. Hér gætti vafalaust sömu orsaka og lýst var hér að ofan í sambandi við aukningu sparifjár, en brýn þörf bættrar lausafjárstöðu fyrirtækja samhliða stefnu Seðlabankans að skapa viðunandi rekstrarfjáraðstöðu atvinnuveganna hlýtur einnig að hafa stuðlað að þessari miklu aukningu veltifjár.

Aukin endurkaup Seðlabankans juku ráðstöfunarfé innlánsstofnana um 461 milljón króna árið 1969, en ekki nema um 134 millj. kr. árið áður. Gerð verður nánari grein fyrir endurkaupum Seðlabankans síðar.

Reikningar innlánsstofnana¹

Í millj. kr.	Reikningsstaða Reikningshreyfingar		
	31. des.	1968	1969
A. Fjármagn til ráðstöfunar	16.483	+1.065	+2.860
a. Innstæður, alls	13.657	+ 925	+2.544
1. Veltiinnlán	2.720	+ 292	+ 744
2. Spariinnlán	10.783	+ 626	+1.738
3. Geymslufé v/innflutnings	154	+ 7	+ 62
b. Fyrirgreiðsla Seðlabanka	1.943	+ 215	+ 424
1. Endurkaup	1.899	+ 134	+ 461
2. Verðbréf	44	+ 81	÷ 37
c. Erlent lánsfé	210	÷ 7 ³	÷ 363
d. Annað, nettó	673	÷ 68 ³	+ 255
B. Ráðstöfun fjármagns	16.246	+1.293	+1.710
f. Útlán	13.396	+1.138	+1.506
g. Endurlánað erlent lánsfé	210	÷ 7 ³	÷ 363
h. Bundnar innstæður	2.640	+ 162	+ 567
C. Lausafjárstaða ²	237	÷ 228	+1.150
i. Erlend, nettó	90	+ 17 ³	+ 477
j. Innlend, nettó	147	÷ 245	+ 673

¹ Viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga.

² Bætt lausafjárstaða er merkt með plúsmerki (+).

³ Tölum um hreyfingu liðanna „erlent lánsfé“, „annað, nettó“, „endurlánað erlent lánsfé“ og „erlend lausafjárstaða, nettó“ hefur verið breytt til þess að eyða bókhaldshreyfingum, er eingöngu hafa orsakast af breytingu á skráðu gengi krónunnar, sbr. breytingu í nóvember 1968.

Heildarútlán innlánsstofnana jukust um 1.506 milljónir króna eða tæp 13% árið 1969, og er það töluvert meiri aukning en árið áður, er útlánaaukning þeirra nam 1.138 millj. kr. (10,6%), en svipað og meðalútlánaaukning árána 1961—1968. Útlánaaukning viðskiptabanka, sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga árið 1969 verður að teljast hófleg, þegar tekið er tillit til þeirrar gífurlegu aukningar, sem varð á ráðstöfunarfé þessara stofnana, en það jókst um 2.860 millj. kr. eða 21% samanborið við 1.065 millj. kr. eða 8,5% aukningu árið áður. Þess ber að gæta, að lausafjárstaða innlánsstofnana var mjög neikvæð í ársbyrjun 1969, en þá nam nettó-lausafjárskuld þeirra gagnvart Seðlabankanum 526 millj. kr. og gagnvart útlöndum 387 millj.

kr. eða samtals 913 millj. kr. Hlaut því svigrúm margra innlánsstofnana til verulegrar útlánaaukningar að hafa verið mjög takmarkað, auk þess sem Seðlabankinn lagði áherzlu á, að innlánsstofnanir bættu lausafjárstöðu sína gagnvart honum. Leiddi þetta til þess, að samhliða greiðslu 567 millj. kr. til Seðlabankans vegna bindiskyldu, sem var óbreytt 20% af innlánsfjárukningu, batnaði lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum um 673 millj. kr. og gagnvart útlöndum um 477 millj. kr. Í árslok 1969 var lausafjárstaða innlánsstofnana í heild því jákvæð um 237 millj. kr., en hafði eins og áður greinir verið neikvæð um 913 millj. kr. í upphafi ársins.

Upplýsingar liggja aðeins fyrir um

skiptingu útlána hjá viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðum. Samkvæmt þessum upplýsingum jukust útlán umræddra stofnana um 1.328 millj. kr., en höfðu aukizt um 1.021 millj. kr. árið 1968. Sé litið á útlán til atvinnuveganna, kemur í ljós, að útlán jukust mest til iðnaðar eða um 338 millj. kr. (180 millj. kr. árið 1968); til sjávarútvegs 282 millj. kr. (264 millj. kr.); til bygginga 193 millj. kr. (57 millj. kr.) og til landbúnaðar 159 millj. kr. (43 millj. kr.), en útlán til verzlunar jukust aðeins um 87 millj. kr. samanborið við 322 millj. kr. aukningu árið 1968.

Sé nú litið á þessa sömu hluti út frá reikningshreyfingum Seðlabankans, kemur í ljós, að útstreymi fjármagns úr honum á árinu 1969 vegna bættrar stöðu erlendis og innlendra lána nam samtals 1.434 millj. kr., en árið áður hafði orðið nettó-innstreymi fjármagns að upphæð 101 millj. kr. Mótvægi þessarar þróunar kom fram í stórbættri lausafjárstöðu innlánsstofnananna gagnvart Seðlabankanum, sem lýst var hér að ofan, jafnframt því sem bundnar innstæður innlánsstofnana jukust mjög verulega. Útstreymi fjármagns frá Seðlabankanum leiddi einnig af sér verulega aukningu seðla og myntar í umferð, og jókst seðla- og myntútgáfa um 194 millj. kr. árið 1969, en hafði dregizt saman um 18 millj. kr. árið 1968 og 49 millj. kr. árið 1967.

Sé litið nánar á orsakir fjárútreymis frá Seðlabankanum, sést, að gagnstætt þróun fyrri árs olli mikil nettóaukning erlendra eigna bankans þar langmestu um, en þær jukust um 1.020 millj. kr. samanborið við 553 millj. kr. samdrátt ¹

¹ Þá er búið að leiðrétta fyrir gengisbreyt-

árið 1968. Útstreymi fjármagns vegna fyrirgreiðslu bankans við innlenda aðila nam hins vegar 414 millj. kr. eða heldur lægri upphæð en árið áður, en þá nam sú upphæð 452 millj. kr. Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum versnaði um 376 millj. kr. árið 1969, en hafði versnað um 155 millj. kr. árið áður, ef frá er talin 86 millj. kr. skuldaaukning ríkissjóðs vegna gengistryggðra lána. Segja má, að talan um stöðuhreyfingu ríkissjóðs árið 1969 gefi nokkuð ýkta mynd af viðskiptum ríkissjóðs, þar eð hún felur í sér bráðabirgðafyrirgreiðslu Seðlabankans vegna Straumsvíkurhafnar að upphæð 200 millj. kr. Var umrædd upphæð notuð til greiðslu á erlendri skuld ríkissjóðs, sem um hafði verið samið til skamms tíma og ekki var talið hagkvæmt að framlengja í bili vegna mikillar vaxtahækkunar á erlendum fjármagnsmörkuðum. Hins vegar er fyrirhugað að taka slíkt lán aftur erlendis á yfirstandandi ári, þar eð útlit er fyrir, að hagkvæmari vaxtakjör fáist, þegar líður á árið. Enn fremur versnaði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum vegna 125 millj. kr. lántöku, er Atvinnuálanefnd ríkisins var látin í té seint á árinu 1969. Innstæða á sérstökum reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna gengishagnaðar á vörum, framleiddum fyrir gengisbreytinguna í nóvember 1968, sem rætt var sérstaklega um í síðustu ársskýrslu, lækkaði um 94 millj. kr., sem stuðlaði að samsvarendi stöðulækkun ríkissjóðs gagn-

ingarhagnaði að upphæð 109 millj. kr., sem stafaði af erlendri eign Seðlabankans umfram skuldir, er gengi krónunnar var lækkað í nóvember 1968; óleiðrétt myndi rýrnun erlendra eigna hafa numið 444 millj. kr.

Reikningar Seðlabankans

Í millj. kr.	Reikningsstaða Reikningshreyfingar 31. des.		
	1969	1968 ¹	1969
A. Erlendar eignir, nettó	1.936	÷ 553	+ 1.020
B. Innlendir liðir	2.077	+ 452	+ 414
a. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	640	+ 155	+ 376
b. Fjárfestingarlánasjóðir, nettó	59	+ 60	÷ 533
c. Innlánsstofnanir	1.943	+ 215	+ 424
1. Endurkeyptir víxlar	1.899	+ 134	+ 461
1.1 Frá landbúnaði	722	+ 58	+ 57
1.2 Frá sjávarútvegi	1.024	+ 66	+ 298
1.3 Frá iðnaði	153	+ 10	+ 106
2. Verðbréf	44	+ 81	÷ 37
d. Lán til bæjar- og sveitarfélaga og annarra aðila .	189	+ 58	+ 17
e. Mótvirðisfé	÷ 30	+ 42	+ 31
f. Annað, nettó	÷ 724	÷ 78	+ 99
C. Samtals (A+B=D+E+F)	4.013	÷ 101	+ 1.434
D. Bundnar innstæður innlánsstofnana	2.640	+ 162	+ 567
E. Seðlar og mynt	1.226	÷ 18	+ 194
F. Lausafjárstaða innlánsst. gagnvart Seðlabankanum ²	147	÷ 245	+ 673
a. Almennar innstæður	347	+ 25	+ 172
b. Lausaskuldir	÷ 200	÷ 270	+ 501
1. Reikningsskuldir	÷ 8	+ 20	+ 227
2. Önnur stutt lán	÷ 191	÷ 292	+ 274
3. Önnur stutt lán	÷ 1	+ 2	—

¹ Tölum um hreyfingar liðanna „erlendar eignir, nettó“, „ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó“ (lán með gengisáhættu), og „annað, nettó“ hefur verið breytt til að eyða bókhaldshreyfingum, er eingöngu hafa orsakast af breytingu á skráðu gengi krónunnar, sbr. breytingu í nóvember 1968.

² Bætt lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum er merkt með plúsmerki (+).

vart Seðlabankanum. Ef þessir ofangreindu liðir, sem eru nokkuð sérstaks eðlis, eru frátaldir, batnaði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum um 43 millj. kr. á árinu 1969. Er það betur í samræmi við afkomu ríkissjóðs sjálfs, eins og hún kemur fram í ríkisreikningnum.

Staða fjárfestingarlánastofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði mjög verulega eða um 533 millj. kr. á árinu 1969, en hafði versnað um 60 millj. kr. árið áður. Hagstæð þróun útflutningsatvinnuveganna svo og endurgreiðsla gengishagnaðar af útflutningsbirgðum, sem getið

var um að ofan, stuðlaði að bættri stöðu fjárfestingarlánastofnana. Erlendar lántökur, t.d. vegna Norðurlandsáætlunar, sem ekki höfðu verið notaðar í árslok, bættu einnig stöðu þessara stofnana. Enn fremur var áður greint lán ríkissjóðs vegna Atvinnuálanefndar ríkisins að mestu ónotað um áramótin 1969/1970, en það hafði verið lagt inn á reikning Atvinnuálanefndar ríkisins hjá Seðlabankanum, en sá sjóður annast fjárhald Atvinnuálanefndar ríkisins.

Endurkaup Seðlabankans á afurðalánunum sjávarútvegs og landbúnaðar frá innlánsstofnunum jukust verulega á árinu

1969, jafnframt því sem sérstök lána-
fyrirgreiðsla við iðnaðinn í landinu var
aukin mikið, en viðskiptabankarnir höfðu
einnig milligöngu um þau lán. Í heild
jukust endurkaup Seðlabankans um 461
millj. kr., en höfðu aukizt um 134 millj.
kr. árið 1968. Mest varð aukning á
endurkaupum frá sjávarútvegi eða 298
millj. kr., sem endurspegladi mikla auk-
ningu sjávarfangs og hagstæða erlenda
verðþróun, en árið 1968 jukust endur-
kaup sjávarafurða aðeins um 66 millj.
kr. Endurkaup vegna landbúnaðarafur-
urða jukust um 57 millj. kr. eða um
mjög svipaða upphæð og árið áður.
Endurkaup vegna iðnaðarins höfðu þó

aukizt hlutfallslega mest eða um 106
millj. kr., en sú aukning nam aðeins 10
millj. kr. árið 1968. Meginástæða fyrir
þessari miklu aukningu var sérstök
lána-
fyrirgreiðsla Seðlabankans við iðn-
aðinn, er kom í kjölfar síðustu gengis-
breytingar og lýst hefur verið hér að
framan. Þegar tekið er tillit til lækkun-
ar á verðbréfaskuld innlánsstofnana
gagnvart Seðlabankanum svo og bættrar
lausafjárstöðu og aukningar bindi-
skyldu, kemur í ljós, að staða innláns-
stofnana gagnvart Seðlabankanum batn-
aði í heild um 816 millj. kr. árið 1969,
en hafði versnað um tæpar 300 millj. kr.
árið áður.

4. Alþjóðleg efnahagssamvinna

Seðlabankinn er ásamt öðrum íslenzk-
um stjórnvöldum aðili að ýmsum al-
þjóðastofnunum og efnahagssamvinnu
við önnur lönd fyrir Íslands hönd. Er
fyrst að telja, að Seðlabankinn hefur
með höndum greiðsluviðskipti Íslands,
bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF)
og Alþjóðabankann (IBRD), svo og
systurstofnanir hins síðarnefnda, Al-
þjóðafjármálastofnunina (IFC), og Al-
þjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1969 var aðalfulltrúi Íslands
í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr.
Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas
H. Haralz. Í stjórn Alþjóðabankans og
systurstofnana hans var aðalfulltrúi dr.
Gylfi P. Gíslason og varafulltrúi Magnús
Jónsson. Sóttu þessir fulltrúar allir aðal-
fundi stofnananna, sem haldnir voru sam-
eiginlega í Washington um haustið. Full-
trúar Norðurlandanna í framkvæmda-
stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Al-

þjóðabankans á árinu voru þessir: Aðal-
fulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóða-
gjaldeyrissjóðsins Eero Asp frá Finn-
landi, en varamaður hans Sigurgeir
Jónsson, hagfræðingur Seðlabankans,
aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Al-
þjóðabankans Erik Karlsson frá Sví-
þjóð og varamaður hans Erik Hauge
frá Danmörku.

*ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐUR-
INN.* Árið 1969 var enn viðburðaríkt í
gjaldeyris- og peningamálum, og reyndi
þráfaldlega á forustu Alþjóðagjaldeyris-
sjóðsins í lausn alþjóðlegra greiðslu-
vandamála. Á árinu notuðu þátttökurík-
in mjög mikið fé frá sjóðnum, eða 2.871
millj. dollara, og hafa aðeins einu sinni
verið dregnar stærri fjárhæðir á sjóðinn
á einu ári, en það var 1968, þegar lán
hans námu 3.552 millj. dollara.

Á árinu gekk í gildi breyting sú á

stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er heimilar útgáfu sérstakra gjaldeyrisréttinda (Special Drawing Rights). Í framhaldi af því var samþykkt á ársfundi sjóðsins að úthluta á árunum 1970-1972 gjaldeyrisréttindum að fjárhæð 9,5 milljörðum dollara. Skyldi fyrsta úthlutun fara fram í ársbyrjun 1970 og nema 3,5 milljörðum dollara. Nam úthlutunin til Íslands 2,52 milljónum dollara eða jafngildi 220 millj. íslenskra króna, og var sú fjárhæð fyrst talin til gjaldeyriseignar bankans í janúar 1970.

Hinn 5. marz 1969 tók Seðlabankinn yfirdráttarlán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 7,5 millj. dollara. Tilgangur lánsins var að styðja lausafjárstöðu Seðlabankans út á við og skapa öryggi og traust í gjaldeyrisráðgjafi, á meðan áhrif gengisbreytingarinnar og annarra efnahagsaðgerða á greiðslujöfnuðinn væru að koma fram að fullu. Auk þessa láns skuldar Seðlabankinn Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 7,5 millj. dollara, sem er jafnvirði tveggja jöfnunarlána, er tekin voru hjá sjóðnum á árunum 1967 og 1968 vegna hinnar miklu lækkunar útflutningstekna, er þá átti sér stað. Engar endurgreiðslur til sjóðsins áttu sér stað á árinu.

ALÞJÓÐABANKINN OG SYSTURSTOFNANIR HANS. Á fjárhagsári Alþjóðabankans, er lauk 30. júní 1969, námu útlán hans 1.399 millj. dollara, en 847 millj. dollara árið áður. Ekki var samið um neitt lán til Íslands á árinu, en lokið var að mestu notkun 18 millj. dollara láns, er Alþjóðabankinn veitti Landsvirkjun til virkjunar Þjórsár við Búrfell á árinu 1966. Í árslok 1969 var

útistandandi skuld Íslands við Alþjóðabankann 20,1 millj. dollara. Stofnframlag Íslands til bankans nemur 15 millj. dollara, en 1,5 millj. dollara af þeirri fjárhæð ber að greiða í gjaldeyri. Var greiðslum þessa hluta lokið að fullu á árinu 1969.

EVROÞUSJÓÐURINN. Starfsemi Evrópusjóðsins, en hann starfar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) samkvæmt sérstökum samningi, svokölluðum greiðslusamningi Evrópu (European Monetary Agreement), var svipuð og áður.

Framlagsfé Íslands til Evrópusjóðsins nemur einni millj. dollara, en það tilheyrir þeim hluta framlagsfjárins, sem samkvæmt stofnsamningi hefur enn ekki verið kallaður til greiðslu. Knut Getz Wold frá Noregi er fulltrúi Norðurlanda í stjórn sjóðsins.

Evrópusjóðurinn hafði í nóvember 1968 veitt Íslandi 5 millj. dollara lán til sex mánaða vegna hinna miklu gjaldeyriserfiðleika, sem þá var við að etja. Lán þetta var að fullu endurgreitt fyrir gjalddaga í apríl 1969.

NORRÆN SAMVINNA. Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náð samstarf, og halda þeir m.a. einu sinni á ári hverju fund, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1969 var Seðlabankafundurinn haldinn í Svíþjóð í ágústmánuði.

Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmál-efni, einkum samvinnu á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu, í Finnlandi, Noregi og á Íslandi.

5. Framkvæmdasjóður og fjárfestingarmál

STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS. Í lögum um Framkvæmdasjóð Íslands nr. 66/1966 er kveðið á um, að kjörtími fyrstu stjórnar Framkvæmdasjóðs skuli vera til ársloka 1968. Stjórn sjóðsins skal síðan kjörin af Alþingi til fjögurra ára í senn. Samkvæmt þessu tók nýkjörin stjórn til starfa í ársbyrjun 1969, og er hún þannig skipuð:

Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra, formaður
Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptaráðherra, varaformaður
Gunnlaugur Pétursson, borgarritari
Jón G. Sólnes, bankastjóri
Ragnar Arnalds, lögfræðingur
Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri
Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður

REIKNINGAR FRAMKVÆMDASJÓÐS. Eins og fram kemur af rekstrarreikningi námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1969 31,4 millj. kr., en hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 18,4 millj. kr. Samtals námu því hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 49,8 millj. kr. Af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs á árinu, að viðbættum óráðstöfuðum tekjuafgangi frá fyrra ári og að frádregnum eignabreytingum vegna gengisbreytinga undanfarinna ára, voru 20,0 millj. kr. lagðar við höfuðstól, 1,0 millj. kr. í varasjóð og 0,2 millj. kr. í afskriftareikning. Samanlagt námu eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs í árslok 435,3 millj. kr. Hreinum tekjum Mótvirðissjóðs var bætt við höfuðstól sjóðsins, er nam í árslok 391,5 millj. kr.

Eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu samkvæmt framansögðu 826,8 millj. kr. í árslok 1969. Gengisbreyting vestur-þýzka marksins í októbermánuði 1969 olli nokkurri hækkun erlendra skulda Framkvæmdasjóðs, og nam sú hækkun 52 millj. kr., en erlendar skuldir sjóðsins námu í árslok 2.454 millj. kr. Heildarútlán Framkvæmdasjóðs, þar með talið fé Mótvirðissjóðs, námu í árslok 3.462 millj. kr., og höfðu þá verið hækkuð útlán Framkvæmdasjóðs í v.-þýzkum mörkum í samræmi við gengisbreytinguna.

LÁNTÖKUR FRAMKVÆMDASJÓÐS. Á árinu 1969 tók Framkvæmdasjóður nokkur lán innanlands og erlendis, sem hér skal greint frá.

Samið var á ný við viðskiptabankana um, að 10% af aukningu innlána bankanna yrðu lánuð Framkvæmdasjóði. Samkvæmt þessu samkomulagi tók Framkvæmdasjóður að láni hjá viðskiptabönkunum 167 millj. kr. á árinu 1969, en þar af voru um 30 millj. kr. eftirstöðvar frá árinu 1968. Ógreiddar voru til Framkvæmdasjóðs samkvæmt samkomulagi þessu 71,8 millj. kr. í árslok 1969. Lán þessi endurgreiðast bönkunum á 15 árum.

Á árinu tók Framkvæmdasjóður tvö lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, annað að fjárhæð 8 millj. vestur-þýzkra marka, en hitt að fjárhæð 2 millj. vestur-þýzkra marka. Fyrra lánið var tekið til framkvæmda á vegum

Norðurlandsáætlunar, og var féð endurlánað Atvinnujöfnunarsjóði, sem sér um skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda. Síðara lánið var tekið til framkvæmda í samgöngumálum á Vestfjörðum. Er lán þetta í framhaldi af fyrri lántökum hjá Viðreisnarsjóðnum í sama tilgangi, og hafa þá alls verið tekin lán að jafnvirði 2,5 millj. dollara á árunum 1965—1969 til þessara framkvæmda. Lán þau, er tekin voru á árinu 1969 hjá Viðreisnarsjóðnum, endurgreiðast á 15 árum.

Af láni því, er ríkissjóður tók í Vestur-Þýzkalandi á árinu 1969 að fjárhæð 25 millj. vestur-þýzkra marka, voru endurlánuð til Framkvæmdasjóðs 9,3 millj. v.þýzkra marka, að jafnvirði um 203 millj. kr. Lán þetta endurgreiðist á 15 árum.

LÁNASTARFSEMI FRAMKVÆMDASJÓÐS OG FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR. Gengið var frá framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1969 snemma á árinu. Eins og undanfarin ár skiptist áætlunin annars vegar í fjáröflun á vegum Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða og opinberra fyrirtækja og hins vegar í fjáröflun til opinberra framkvæmda af fé því, er ríkissjóður tekur að láni innanlands og erlendis í þessu skyni. Heildar niðurstaða áætlunarinnar var 627,9 millj. kr., en var 575 millj. kr. árið 1968.

Samkvæmt áætluninni voru lán á vegum Framkvæmdasjóðs 402,9 millj. kr., og var þá reiknað með þeim fjárhæðum, er væntanlega yrðu greiddar út á árinu. Nokkrar viðbótarlánveitingar áttu sér

stað síðar á árinu, og urðu útborguð lán alls 428,0 millj. kr. Heildarlánveitingar Framkvæmdasjóðs árið 1969 urðu hins vegar 602,1 millj. kr., en þar af var óútborgað í árslok 174,1 millj. kr. Lánveitingar þessar sundurliðast þannig:

	<i>Millj. kr.</i>
Atvinnujöfnunarsjóður	175,7
Byggingarsjóður verkamanna	12,0
Ferðamálasjóður	6,0
Fiskveiðasjóður	73,0
Iðnlánasjóður	18,0
Lánasjóður sveitarfélaga	10,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	60,0
Stofnlánasjóður verzlunarfyrirtækja	6,0
Stofnlánasjóður matvöruverzlana ..	1,0
Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa ..	19,0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	8,0
Sementsverksmiðja ríkisins	50,0
Ríkissjóður v/Kísiliðjunnar h.f. ...	50,0
Ríkissjóður v/Skipaútgæðar ríkisins	66,0
Vegagerð ríkisins	31,7
Flugmál	5,2
Hafnir	10,5

Samtals 602,1

Heildarlánveitingar Framkvæmdasjóðs og framangreindra fjárfestingarlánasjóða auk Hafnabótasjóðs og Orkusjóðs á árinu 1969 urðu 1.636,4 millj. kr., sem er 321,6 millj. kr. hærrí fjárhæð en árið áður. Eru þá lán Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða ekki meðtalin, þar eð ella yrði um tvítalningu að ræða. Enn fremur er þess að geta, að tölur um lánveitingar þessar eru byggðar á útborguðum fjárhæðum veittra lána, en heildarútlán í árslok 1969, 10.945,6 millj. kr., eru byggð á tölum efnahagsreikninga og ná því til allra umsaminna lána, þótt þau séu ekki útborguð að fullu.

Lánveitingar sjóðanna 1968 og 1969 og heildarútlán í árslok 1969 eru sýnd á eftirfarandi töflu (talið í millj. kr.):

	Lán veitt 1968	Lán veitt 1969	Heildarútlán 31/12 1969
Framkvæmdasjóður Íslands:			
Beinar lánveitingar	39,2	179,0	1.955,6
Lán til fjárfestingarlánasjóða	(232,8)	(249,0)	(1.506,5)
Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild L. Í.	533,6	449,9	2.667,9
Byggingarsjóður verkamanna	33,6	24,3	300,5
Ferðamálasjóður	5,6	3,3	52,6
Fiskveiðasjóður	372,5	463,5	2.949,7
Iðnlánasjóður	74,2	129,0	406,0
Lánasjóður sveitarfélaga	33,3	33,7	88,2
Stofnlánadeild landbúnaðarins	132,1	116,8	1.123,4
Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja	12,1	16,6	36,3
Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa (lán og styrkir)	1,0	20,0	21,0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	7,6	15,0	136,0
Hafnabótasjóður (lán og styrkir)	23,6	28,6	49,8
Orkusjóður (lán og styrkir)	46,4	156,7	1.158,6
Samtals	1.314,8	1.636,4	10.945,6

FJÁRÖFLUN TIL OPINBERRA FRAMKVÆMDA. Fjáröflun til opinberra framkvæmda samkvæmt áætluninni 1969 nam 225 millj. kr. Var því fé ráðstafað til framkvæmda á árinu að undanskildum 11,5 millj. kr., sem fær-

ast yfir á árið 1970, en að viðbættum 20,7 millj. kr. frá árinu 1968. Ráðstöfunarféð á árinu var því alls 234,2 millj. kr., og sundurliðast sú fjárhæð þannig (talið í millj. kr.):

	Spariskírteinafé	PL-480-fé	Samtals
Rafmagnsveitur ríkisins		42,0	42,0
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði		9,3	9,3
Jarðboranir við Námafjall	6,1	24,3	30,4
Jarðboranir og rannsóknir á Reykjanesi	24,3		24,3
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	43,5		43,5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	29,6		29,6
Reykjanesbraut í Breiðholti	2,8		2,8
Aðrar vegaframkvæmdir	20,0		20,0
Landshafnir	5,8		5,8
Flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli	3,9		3,9
Menntaskólinn v/Hamrahlíð	3,0		3,0
Lögreglustöð í Reykjavík	7,7		7,7
Framkvæmdir á Keldnaholti	8,9		8,9
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu	3,0		3,0
Samtals	158,6	75,6	234,2

Fjár til þessara opinberu framkvæmda var aflað með tvennum hætti:

Annars vegar var um að ræða spariskírteinafé, sem aflað var með sölu nýrra spariskírteina og af endurgreiðslum áður veittra lána af spariskírteinafé.

Samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 23/1969 heimilast fjármálaráðherra að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs ný spariskírteini að fjárhæð 75 millj. kr. Að þessu sinni voru spariskírteinin gefin út í einum flokki, og hófst sala þeirra í júní og

laug í desember. Alls voru seld spariskírteini á árinu að fjárhæð 92,5 millj. kr., þ.e. 75 millj. kr. auk 17,5 millj. kr., sem var nafnvirði þeirra spariskírteina, er ríkissjóður innleysti á árinu.

Til viðbótar fé þessu varð handbært á árinu fé vegna endurgreiðslna til ríkissjóðs af spariskírteinalánum fyrri ára. Voru lánaðar af fé þessu 83,6 millj. kr., þannig að lánaðar voru alls af spariskírteinafé 158,6 millj. kr.

Spariskírteini þau, er gefin voru út á árinu, voru með sömu kjörum og árið áður, þ.e. meðalvextir voru 6% p.a. og lánstíminn 12 ár. Ennfremur voru greiðslur afborgana og vaxta bundnar byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Annaðist Seðlabankinn allan undirbúning og framkvæmd lántökunnar með sama hætti og undanfarin ár.

Andvirði spariskírteinaanna var endurlánað til 12 ára með 6¼% ársvöxtum. Árið 1969 er sjötta árið í röð, sem ríkissjóður aflar fjár til opinberra framkvæmda með sölu spariskírteina. Nemur heildarfjárhæð seldra spariskírteina þessi sex ár 525 millj. kr. auk endurútgáfu vegna innleystra spariskírteina, þannig að útistandandi voru í árslok 1969 spariskírteini að nafnvirði 525 millj. kr.

Í öðru lagi var fjár aflað til opinberra framkvæmda af svonefndu PL-480-fé, sem er andvirði landbúnaðarafurða, sem keyptar eru í Bandaríkjunum samkvæmt samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna.

Var gerður nýr samningur á árinu um vörukaup að fjárhæð 1.715 þús. dollara. Óvíst er, hversu mikið notast af samningi þessum, en notkunin fer að verulegu leyti fram á árinu 1970. Samkvæmt

samningi þessum eru 95% vörukaupanna lánuð til 20 ára með 4% ársvöxtum.

ORKUSJÓÐUR. Á árinu 1969 voru gefin út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Lög þessi öðluðust gildi 1. júlí 1969. Í lögum þessum er kveðið á um, að þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu, skuli greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skuli til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins. Breyting sú, sem í lögum þessum felst, er, að verðjöfnunargjaldið er tvöfaldað frá því, sem áður var, og skal það nú greiðast í Orkusjóð. Samkvæmt endanlegu uppgjöri nemur verðjöfnunargjaldið fyrri helming ársins 1969 alls 34,7 millj. kr., en síðasti hluti þess greiðist í janúarmánuði 1970.

Á fjárlögum ársins 1969 voru veittar 22,1 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum og 5,8 millj. kr. til jarðhitarannsóknna, og fóru fjárhæðir þessar um Orkusjóð. Á árinu 1969 tók Orkusjóður lán að fjárhæð 105,5 millj. kr. Þar af voru lán samkvæmt framkvæmdaáætluninni 1969 97,7 millj. kr. og lán úr héruðum 7,8 millj. kr. til raflínulagna í sveitum, en slík lán eru til skamms tíma og vaxtalaus.

Á árinu 1969 greiddi Orkusjóður alls út 156,7 millj. kr. í lán, styrki og framlög. Um framlög Orkusjóðs til rannsókna er þess að geta, að fjárhæðir þær, sem veittar eru í þessu skyni, eru eignfærðar hjá Orkusjóði. Leiði viðkomandi rannsóknir til virkjunarframkvæmda

síðar, er rannsóknakostnaður talinn til stofnkostnaðar og endurgreiðist sjóðnum.

Heildarútlán Orkusjóðs í árslok 1969 námu 1.158,6 millj. kr.

HAFNABÓTASJÓÐUR. Í síðustu ársskýrslu Seðlabankans var gerð grein fyrir stofnun Hafnabótasjóðs og starfsemi sjóðsins á árinu 1968, en um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 49/1967, sem komu til framkvæmda í ársbyrjun 1968.

Á árinu 1969 veitti Hafnabótasjóður alls 17 lán að fjárhæð 28,6 millj. kr. og 4 styrki að fjárhæð 2,3 millj. kr., en heildarútlán í árslok námu 49,3 millj. kr. Sjóðurinn tók að láni hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði 20,0 millj. kr. og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 0,2 millj. kr. til hafnarframkvæmda á árinu 1969. Eigið fé Hafnabótasjóðs í árslok 1969 nam 12,0 millj. kr.

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR. Engin breyting varð á starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs frá því, sem verið hefur undanfarin ár. Hann sér um hvers konar fyrirgreiðslu í sambandi við veitingu nýrra ríkisábyrgða, innlausn og innheimtu

krafna, sem á ríkissjóð falla sem ábyrgðaraðila, og ýmsa lánaumsjá fyrir ríkissjóð.

Umsóknir um ríkisábyrgðir urðu til muna færri 1969 en verið hefur undanfarin ár. Nýjar ábyrgðir urðu alls 673 árið 1969 eða 50 færri en árið áður og hefur farið fækkandi undanfarin ár. Hins vegar hækkaði upphæð nýrra ábyrgða verulega eða um 342 millj. kr. frá árinu áður.

Yfirlitið neðst á síðunni sýnir nýjar ábyrgðir árin 1968 og 1969.

Eins og yfirlitið ber með sér hefur orðið veruleg hækkun á ábyrgðum vegna hafnargerða og dráttarbrauta, en fjárhæð lána hefur hækkað um 14 millj. kr. eða þriðjung frá árinu áður. Vatnsveituframkvæmdir virðast hafa dregið verulega saman, því að aðeins voru veittar ábyrgðir á 4 vatnsveitulán 1969, en 12 árið áður, og fjárhæðin var 1 millj. kr., en 6 millj. kr. 1968. Ábyrgðir vegna fiskiðnaðar og síldarverksmiðja voru færri nú og lægri að fjárhæð en verið hefur mörg undanfarin ár, enda munu framkvæmdir á þessu sviði hafa verið í lágmarki á þessu ári. Kemur þar vafalaust ýmislegt til, en þó einkum tvennt, þ.e.a.s. erfiðleikar þeir, sem sjávarútvegurinn hefur átt við að etja undan-

	1968	1969
Hafnargerðir og dráttarbrautir	41 millj. kr.	22 áb. 55 millj. kr.
Vatnsveitur	6 " "	4 " 1 " "
Fiskiðnaður og síldarverksmiðjur	41 " "	4 " 4 " "
Iðnaður	28 " "	1 " 2 " "
Raforkumál	—	1 " 352 " "
Samgöngur	—	—
Byggingarsamvinnufélög	139 " "	639 " 144 " "
Annað	5 " "	2 " 44 " "
Samtals	260 millj. kr.	673 áb. 602 millj. kr.

farin ár, og hinar miklu framkvæmdir á þessu sviði á undanförunum árum. Rúmur helmingur af fjárhæð nýrra ábyrgða var vegna raforkumála. Var þar um að ræða ábyrgð á láni, sem Landsvirkjun tók í Þýzkalandi vegna framkvæmda við Búrfell. Lán þetta er 16 millj. þýzkra marka eða 352 millj. kr. miðað við gengi marksins fyrir gengishækkun þess. Ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaga voru svipaðar að fjölda og fjárhæð og árið áður. Í flokknum „Annað“ eru tvö lán: lán Seðlabankans til Bjargráðasjóðs að fjárhæð 25 millj. kr., sem veitt var til að leysa mætti úr erfiðleikum bænda vegna ópurrrka og grasbrests á s.l. sumri, og lán Framkvæmdasjóðs til Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, 19 millj. kr. Síðara lánið var veitt til að standa undir viðbótarlánveitingum vegna bátasmíði innanlands.

Greiðslur sjóðsins vegna vanskila á lánnum lækkuðu verulega frá árinu áður eða um 34 millj. kr. Nettógreiðslur urðu um 105 millj. kr., en 139 millj. kr. 1968. Er það í fyrsta sinn síðan 1966, sem greiðslur lækka. Hér fer á eftir yfirlit yfir greiðslur sjóðsins árin 1966—1969 í millj. kr.:

	1966	1967	1968	1969
Innleystar kröfur	104	173	270	371
Endurgreiðslur skuldara	73	65	131	266
Nettó-greiðslur	31	108	139	105

Af yfirlitinu má sjá, að greiðslur úr sjóðnum hafa vaxið verulega. Hins vegar hafa innheimtur gengið betur, og því lækka nettógreiðslur.

Mjög veruleg aukning varð á greiðslum vegna hafnarlána. Á þessu eru vafalaust ýmsar skýringar, en efnahagsörðugleikar undanfarinna ára eiga þar vafalaust verulegan hlut að máli. Greiðslur vegna lána Orkusjóðs urðu nær tvöfalt hærri en árið áður. Þess er þó að vænta, að ekki verði um frekari aukningu á þeim greiðslum að ræða, þar eð sjóðnum hefur bætzt fastur tekjuliður, þar sem er verðjöfnunargjald af raforkusölu. Greiðslugeta þess sjóðs ætti því að batna mjög í framtíðinni. Geysimiklar greiðslur féllu á sjóðinn vegna lána síldarverksmiðja og annarra fiskiðnaðarfyrirtækja og stórum hærri greiðslur en árið áður. Vega þar stærst lán síldarverksmiðja, en greiðslugeta þeirra mátti heita engin á árinu. Hins vegar er því ekki að leyna, að erfiðlega hefur gengið innheimta frá öðrum fiskiðnaðarfyrirtækjum, þótt ætla verði, að hagur þeirra hafi batnað nokkuð frá því, sem verið hefir s.l. 2 ár. Ekki var um aukningu að ræða á skuldum vegna togaralána. Kemur þar einkum til góður afli og hátt fiskverð á árinu og ekki síður sú stoð, sem Stofnfjár sjóður fiskiskipa veitir við innheimtu.

Eins og fyrr getur sér Ríkisábyrgðasjóður um lánaþingreiðslu fyrir ríkissjóð. Á árinu var tekið innlent spariskríteinalán, og lán var boðið út á markaði í Þýzkalandi. Lánveitingar af þessu fé, sem samanlagt námu um 600 millj. kr., fóru fram á vegum Ríkisábyrgðasjóðs. Þeirra er nánar getið, þar sem rætt er um fjárfestingarmál hér að framan.

6. Reikningshreyfingar Seðlabankans

Á árinu 1969 hækkaði heildarupphæð efnahagsreiknings Seðlabankans um 1.269 millj. kr. og nam í lok ársins 9.001 millj. kr. Um eignaaukningu var aðallega að ræða á erlendum innstæðum og verðbréfum. Aukning skuldahliðar efnahagsreikningsins varð hins vegar einkum á innstæðum innlánsstofnana og fjárfestingarlánastofnana.

Gjaldeyrisreikningar

Í millj. kr.

<i>Eignir:</i>	<i>Árslök</i> 1969	<i>Hreyfingar</i> árið 1969
Gulleign	89	0
Erlendir bankar	1.367	+ 842
Erl. verðbr. og víxlar	1.973	+ 404
Vöruskiptareikningar	7	÷ 45
Eignir alls	3.436	+1.201
<i>Skuldir:</i>		
Alþjóðastofnanir ..	991	+ 213
Erlendir bankar	328	+ 203
Vöruskiptareikningar	115	÷ 89
Erl. lán til langs tíma	66	÷ 146
Skuldir alls	1.500	+ 181
Nettóeign:	1.936	+1.020

Taflan hér að ofan sýnir, að staða gjaldeyrisreikninga bankans hefur batnað um röskar eitt þúsund milljónir króna á árinu 1969. Aukning á innstæðum hjá erlendum bönkum er að mestu bundin á þriggja til sex mánaða ávöxtunarreikningum með háum vöxtum, en af innstæðum á almennum viðskiptareikningum eru yfirleitt ekki greiddir vextir.

Tekið var nýtt lán hjá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum að upphæð 660 millj. kr., en hins vegar endurgreidd lán hjá Evrópusjóðnum að upphæð 440 millj. kr. og lán hjá Hambros Bank Ltd. að upp-

hæð tæplega 132 millj. kr. auk fastra afborgana af öðrum lánnum til langs tíma.

Staða innlánsstofnana

Í millj. kr.

	<i>Árslök</i> 1969	<i>Hreyfingar</i> árið 1969
<i>Skuldir:</i>		
Viðsk.reikn. og tékkar	9	÷ 227
Önnur stutt lán	191	÷ 274
Verðbréf	45	÷ 36
Endurkeyptir víxlar .	1.898	+ 460
Skuldir alls	2.143	÷ 77
<i>Innstæður:</i>		
Viðskipta- og upp- sagnarreikningar .	347	+ 172
Bundnar innstæður .	2.640	+ 567
Innstæður alls	2.987	+ 739
Nettóinnstæður:	844	+ 816

Taflan hér að ofan sýnir mjög bætta stöðu innlánsstofnana, frá því sem var í árslok árið áður. Athyglisverðast er, hve staða viðskiptareikninga og annarra stuttra lána hefur batnað mikið, eða alls um 673 millj. kr. Mikil aukning varð einnig á bundnum innstæðum, en á móti jukust endurkaup afurðavíxla í svipuðu hlutfalli.

Staða fjárfestingarlánastofnana

Í millj. kr.

	<i>Árslök</i> 1969	<i>Hreyfingar</i> árið 1969
<i>Skuldir:</i>		
Viðskiptareikningar	123	÷ 29
Önnur stutt lán	10	+ 9
Verðbréf	452	÷ 76
Skuldir alls	585	÷ 96
Innst. á viðsk.reikn.:	526	+ 437
Nettóskuldir:	59	÷ 533

Á töflunni hér að ofan, sem sýnir stöðubreytingar á reikningum fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann á árinu 1969, kemur fram bati á viðskiptareikningum alls að upphæð 466 millj. kr. Er hér einkum um að ræða innstæður Framkvæmdasjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana
Í millj. kr.

	<i>Árslök</i>	<i>Hreyfingar</i>
	<i>1969</i>	<i>árið 1969</i>
<i>Skuldir:</i>		
Aðalviðskiptareikn. .	21	÷ 519
Ýmsir ríkisreikningar	371	+ 117
Verðbréf ríkissjóðs og ríkisstofnana	842	+ 553
Skuldir alls	1.234	+ 151
<i>Innstæður:</i>		
Ýmsir ríkisreikningar	264	÷ 45
Ríkisstofnanir (nettó)	330	÷ 179
Innstæður alls	594	÷ 224
<i>Nettóskuldir:</i>	640	+ 375

Samkvæmt töflunni hér að ofan lækkaði skuld á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs um röskar 500 millj. kr. á árinu, en þess ber að gæta, að af skuldinni höfðu 500 millj. kr. verið greiddar með fimm ára skuldabréfi ríkissjóðs, útgefnu 15. desember, samkvæmt sérstökum samningi. Meðalskuld ríkissjóðs á þessum reikningi miðað við lok hvers mánaðar var hins vegar rúmlega 990 millj. kr.

Ráðstöfun umráðafjár Seðlabankans
Í millj. kr.

	<i>1968</i>	<i>1969</i>
<i>Umráðafé:</i>		
Seðlar og mynt í umferð . .	1.032	1.226
Innst. innlánsstofnana	2.248	2.987
Innst. fjárfestingarlánast. .	90	526
Innst. ríkissj. og -stofnana .	818	648
Mótvirðisfé	61	30
Gengisbreytingareikningur	419	228
Stofnfé og ýmsir sjóðir . . .	382	475
	(5.050)	(6.120)
<i>Ráðstöfun:</i>		
Gjaldeyrisreikn. (nettó) . . .	915	1.936
Skuldir innlánsstofnana . .	2.220	2.143
Skuldir fjárfestingarlánast.	681	585
Skuldir ríkissj. og -stofnana	1.083	1.288
Ýmislegt (nettó)	151	168
	(5.050)	(6.120)

Yfirlitið hér að ofan sýnir umráðafé Seðlabankans og ráðstöfun þess tvö síðastliðin ár. Aukning umráðafjárins á árinu 1969 varð einkum á innstæðum innlánsstofnana og fjárfestingarlánastofnana, en ráðstöfun hins aukna umráðafjár beindist einkum að því að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn og að auka lánveitingar til ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Af gengisbreytingareikningi voru 209,6 millj. kr. færðar til uppgjors á gengistöpum viðskiptabankanna frá árinu 1968.

Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1969 reyndist 37 millj. kr., og höfðu þá verið færðir til gjalda vextir af eigin sjóðum tæpar 22 millj. kr. og arður af stofnfé 10 millj. kr. Stofnfé og aðrir sjóðir námu alls 475 millj. kr. í lok ársins og höfðu hækkað um 93 millj. kr. frá árslokum 1968.

7. Stjórn bankans o. fl.

Frá miðjum febrúar til miðs október tók Svanbjörn Frímannsson sæti í bankastjórn Seðlabankans í veikindaforföllum Sigtryggs Klemenzsonar. Kom Sigtryggur á ný til starfa við bankann hinn 15. október, en Svanbjörn Frímannsson tók þá á ný við starfi sínu sem bankastjóri við Landsbankann.

Bankaráð var kjorið á Alþingi í desember 1968 með fjögurra ára kjörtíma frá ársbyrjun 1969.

Starfsmenn við Seðlabankann í árslok 1969 voru 79 og við Framkvæmdasjóð og Ríkisábyrgðasjóð 12, það er samtals 91 starfsmáður. Þar af voru fastráðnir starfsmenn 77. Í árslok 1968 var heildartala starfsmanna 89.

Hér fer á eftir skrá um bankastjórn, bankaráð og helztu starfsmenn bankans í árslok 1969.

Bankastjórn:

Jóhannes Nordal formaður
Sigtryggur Klemenzson
Davíð Ólafsson

Bankaráð:

Birgir Kjarran, alþm., formaður
Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Sverrir Júlíusson, alþm.
Emil Jónsson, ráðherra, varaformaður
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður

Vara menn:

Þorvarður Jón Júlíusson, frkvstj.
Jón Skaftason, alþm.
Ólafur B. Thors, lögfræðingur
Jón Axel Pétursson, fyrrv. bankastjóri
Alfred Gíslason, læknir

Embættismenn:

Aðstoðarbankastjóri Björn Tryggvason
Framkvæmdastjóri Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs Guðmundur B. Ólafsson
Hagfræðingur Kristinn V. Hallgrímsson

Aðalféhirðir Þorvarður Þorvarðsson
Skrifstofustjóri Sigurður Örn Einarsson
Aðalbókari Jóhann T. Ingjaldsson
Forstöðumaður gjaldeyriseftirlits
Sigurður Jóhannesson
Forstöðumaður greiðslujafnaðardeildar
Ólafur Tómasson
Skrifstofustjóri Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs Benedikt Antonsson
Aðalbókari Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs Harald S. Andrésen
Lögfræðingur við Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóð Björn Ólafs
Aðalendurskoðandi Gunnlaugur Arnórsson
Deildarstjóri endurkaupadeildar
Stefán B. Stefánsson
Forstöðumaður bankaefirlits
Sveinn Jónsson

Deildarstjórar og fulltrúar:

Aðalfjárhirzla: Stefán G. Þórarinnsson
Afgreiðsla: Sighvatur Jónsson
Ávísanaskipti: Jón H. Friðsteinsson
— lögfræðingur: Sveinbjörn Hafliðason
Endurskoðunardeild: Pétur Urbancic
Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóður:
Stefán M. Gunnarsson
Gjaldeyriseftirlit: Þór Halldórsson
Hagfræðideild: Björn Matthíasson,
Garðar Ingvarsson, Ólafur Pétursson
Seðlagreining: Torfi Ólafsson

Útgáfustarfsemi og bókasafn:


Ritstj. Fjármálatíð. Valdimar Kristinnsson
Bóka- og skjalavazla Haraldur Hannesson

MYNT- OG SEÐLAMÁL. Á árinu gaf bankinn út tvær nýjar myntstærðir, 50 aura og 5 króna peninga. Hætt var að setja í umferð skiptimynt, 1—5 og 25 eyringa. Enn fremur var hætt að láta út 5 og 10 króna seðla. Slátta á 50 króna peningi var undirbúin, og er gert ráð fyrir, að hann fari í umferð á árinu 1970.

Þá var gefin út reglugerð í nóvember, þar sem ákveðin er innköllun allra seðla, sem voru settir í umferð frá og með

eignakönnuninni í ársbyrjun 1948. Enn fremur var ákveðin innköllun 5 og 10 króna seðla, sem gefnir höfðu verið út skv. lögum nr. 63/1957 og lögum nr. 10/1961. Er innköllunin framkvæmd á grundvelli gjaldmiðilslaga nr. 22/1968. Er frestur til að innleysa seðlana í peningastofnunum ákveðinn til 15. janúar 1971, en þá hætta seðlarnir að vera lög- mætur gjaldmiðill. Seðlabankanum er þó skylt að innleysa seðlana eigi skemur en í 12 mánuði eftir lok þessa frests.

Eftir þessar breytingar verða mynt- stærðir 10 og 50 aurar og 1, 5, 10 og 50 krónur, en seðlastærðir 100, 500 og 1000 krónur.



REIKNINGAR
1969

Seðlabanki Íslands

<i>Eignir</i>	Krónur
GULLFORÐI	89 341 741
ERLENDAR EIGNIR:	
a) Erlendir bankar o. fl. kr. 1.367.383.839	
b) Erlend verðbréf og ríkisvixlar — 1.934.693.646	
c) Erlendir vixlar — 37.800.349	
d) Vöruskiptareikningar — 7.016.543	3 346 894 377
KVÓTI ÍSLANDS HJÁ ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐNUM:	
a) Gullframlag kr. 330.000.000	
b) Krónuframlag — 990.000.000	1 320 000 000
INNLÁNSSTOFNANIR:	
a) Önnuleystir tékkar kr. 970.352	
b) Reikningsskuldur — 8.193.190	
c) Önnur stutt lán — 190.900.000	
d) Verðbréf — 44.423.400	
e) Endurkeyptir vixlar — 1.898.331.650	2 142 818 592
FJÁRFESTINGARLÁNASTOFNANIR:	
a) Reikningsskuldur kr. 122.923.174	
b) Önnur stutt lán — 10.000.000	
c) Verðbréf — 452.107.512	585 030 686
RÍKISSJÓÐUR OG RÍKISSTOFNANIR:	
a) Viðskiptareikningar ríkissjóðs kr. 21.175.709	
b) Aðrir ríkisreikningar — 370.737.903	
c) Ríkisstofnanir — 54.533.899	
d) Verðbréf — 775.612.662	
e) Endurlánað erlent lánsfé — 65.978.765	1 288 038 938
AÐRIR AÐILAR:	
a) Ýmsir reikningar kr. 6.420.605	
b) Verðbréf bæjar- og sveitarfélaga — 65.137.847	
c) Önnur verðbréf — 117.871.671	189 430 123
BANKABYGGINGAR	2 000 000
ÝMSIR SKULDUNAUTAR	14 744 350
ÓGREIDDIR VEXTIR	22 040 524
PENINGAR Í SJÓÐI	957 909
	9 001 297 240
	KR.

Efnahagur 31. desember 1969

<i>Skuldir</i>	Krónur
SEÐLAR OG MYNT	1 226 221 895
INNLAÐSSTOFNANIR:	
a) Almennar innstæður	kr. 340.634.641
b) Innstæður á uppsagnarreikningum	— 6.402.653
c) Bundnar innstæður	— 2.639.661.258
FJÁRFESTINGARLÁNASTOFNANIR	525 966 327
RÍKISSJÓÐUR OG RÍKISSTOFNANIR:	
a) Ríkisreikningar	kr. 263.551.701
b) Ríkisstofnanir, almennar innstæður	— 312.321.017
c) Ríkisstofnanir, uppsagnarreikningar	— 72.191.000
MÓTVIRÐISFÉ	29 771 499
AÐRIR AÐILAR	25 134 579
INNSTÆÐUR ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐS	2 310 951 735
ERLENDAR SKULDIR:	
a) Erlendir bankar o. fl.	kr. 328.080.466
b) Vöruskiptareikningar	— 115.269.739
c) Erlend lán til langs tíma	— 65.978.765
ÝMSIR SKULDHEIMTUMENN	6 542 964
FYRIRFRAM GREIDDIR VEXTIR	29 728 336
GENGISBREYTINGAREIKNINGUR	228 287 418
ARÐSJÓÐUR	39 319 038
STOFNFÉ	100 000 000
VARASJÓÐUR	200 000 000
HÚSBYGGINGARSJÓÐUR	60 000 000
GENGISREIKNINGUR	40 822 472
ARÐJÖFNUNARSJÓÐUR	20 000 000
LAGT TIL HLIÐAR VEGNA EFTIRLAUNASJÓÐS	8 500 000
ÓRÁÐSTAFADUR TEKJUAFGANGUR:	
a) Frá árinu 1968	kr. 3.090.508
b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1969	— 37.439.229
	kr. 40.529.737
FRÁ DREGST:	
a) Lagt í varasjóð	kr. 14.700.000
b) Lagt í húsbýggingarsjóð	— 12.950.000
c) Lagt í arðjöfnunarsjóð	— 6.920.000
	kr. 34.570.000
	5 959 737
	KR. 9 001 297 240

Reykjavík, 12. febrúar 1970

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordal**Sigtryggur Klemenzson**David Ólafsson**Jóhann T. Ingjaldsson*

Seðlabanki Íslands

<i>Gjöld</i>	Krónur
VEXTIR AF INNSTÆÐUM	kr. 294.005.569
VEXTIR AF VARASJÓÐI	— 15.300.000
VEXTIR AF ÖÐRUM EIGIN SJÓÐUM	— 6.480.000
	315 785 569
VEXTIR AF SKULDUM ERLENDIS	27 629 051
KOSTNAÐUR VIÐ SÆLA OG MYNT	13 326 015
REKSTRARKOSTNAÐUR	41 985 046
KOSTNAÐUR VIÐ HÚSNÆÐISBREYTINGAR	5 823 242
AFSKRIFAÐ VEGNA STOFNLÁNADEILDAR SJÁVARÚTVEGSINS	4 201 782
ÞÁTTTAKA Í KOSTNAÐI EFNAHAGSSTOFNUNAR	3 051 000
FRAMLAG TIL EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA	4 000 000
TIL GENGISREIKNINGS	7 918 586
TIL RÍKISSJÓÐS SKV. L. NR. 4/1960	7 377 878
ARÐUR AF STOFNFÉ SKV. L. NR. 10/1961	10 000 000
REKSTRARHAGNAÐUR TIL RÁÐSTÖFUNAR	37 439 229
	KR. 478 537 398

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Egill Símonarson,
endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 1969

<i>Tekjur</i>	Krónur
VEXTIR AF ENDURKEYPTUM VÍXLUM	102 769 228
VEXTIR AF ÖÐRUM INNLENDUM LÁNUM	224 396 560
VEXTIR AF ERL. LÁNUM OG VERÐBRÉFUM	kr. 159.705.737
AÐ FRÁDR. LÆKKUN Á MARKAÐSVERÐI	— 22.486.600
	137 219 137
TEKJUR AF KAUPUM OG SÖLU GJALDEYRIS	7 572 877
UMBOÐSLAUN AF ERLENDUM YFIRFÆRSLUM	4 723 587
ÝMSAR TEKJUR	1 856 009
	478 537 398
	KR.

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

Birgir Kjaran,
formaður.

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 3. apríl 1970

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptaráðherra.

Efnahagsreikningur Framkvæmda

<i>Eignir</i>	Krónur
SKULDABRÉF FYRIR LÁNUM	3 462 107 677
BANKAINNSTÆÐUR:	
Innstæður í Seðlabanka:	
Á viðskiptareikningum	kr. 33.877.331
Á öðrum reikningum	— 116.990.776
	kr. 150.868.107
